# ÁRSSKÝRSLA 2015



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

# ÁRSSKÝRSLA 2015

## EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| **ÁVARP REKTORS** | **4** |
| **STJÓRN OG RÁÐ SKÓLANS** | **7** |
| **HÁSKÓLASKRIFSTOFA** | **8** |
| **NEMENDUR** | **10** |
| **STARFSFÓLK** | **11** |
| **FJÁRMÁL** | **12** |
| **STARFSEMI DEILDA** | **13** |
| Hönnunar- og arkitektúrdeild | 14 |
| Listkennsludeild | 18 |
| Myndlistardeild | 20 |
| Sviðslistadeild | 24 |
| Tónlistardeild | 26 |
| **STUNDAKENNARAR, FYRIRLESARAR, GESTIR** | **28** |
| Hönnunar- og arkitektúrdeild | 29 |
| Listkennsludeild | 30 |
| Myndlistardeild | 31 |
| Sviðslistadeild | 32 |
| Tónlistardeild | 33 |
| **VIÐBURÐIR, SÝNINGAR, SAMSTARF** | **34** |
| Hönnunar- og arkitektúrdeild | 35 |
| Listkennsludeild | 39 |
| Myndlistardeild | 40 |
| Sviðslistadeild | 44 |
| Tónlistardeild | 46 |

# ÁVARP REKTORS

Fyrir utan hið eiginlega skólastarf einkenndust haustönn 2013 og vorönn 2014 öðru fremur af áherslu á gæðastjórnunarstarf við Listaháskóla Íslands. Listaháskólinn skilaði inn sjálfsmatsskýrslu sinni til gæðaráðs háskólastigsins um mitt árið. Niðurstaða úttektarnefndar lá fyrir í desember 2014 og hlaut listaháskólinn hæstu einkunn sem veitt er íslenskum háskólum í þessari umferð gæðaúttekta. Sú niðustaða er listaháskólanum mikið gleðiefni enda í samræmi við þá framþróun sem hefur átt sér stað í öllum deildum hans. Auk sjálfsmatsskýrslu skólans sem heildar, lauk sviðslistadeild einnig deildarúttekt haustið 2014. Listkennsludeild rekur síða lestina á vormisseri 2015 og munu þá allar deildir skólans hafa farið í gegnum slíka greiningu.

Náms- og kennsluþjónusta styrktist er nýr kennslustjóri tók til starfa haustið 2014, við hlið námsstjóra. Markmið þessara breytinga er að leggja aukna áherslu á þróun kennslu og stuðning við kennara skólans auk þess sem námsráðgjöf hefur verið efld til muna. Haustið 2014 hófst síðan undirbúningur að starfsráðgjöf fyrir nemendur sem og undirbúningur að stofnun hollvinafélags útskrifaðra nemenda.

Í upphafi árs 2014 hófst vinna starfshóps er miðaði að því að afla gagna til að endurskilgreina starfsumhverfi akademískra starfsmanna listaháskólans sem og reglur og ferli þar að lútandi. Þeirri vinnu lauk fyrir árslok enda víðtækt samráðsferli meðal akademískra starfsmanna um endanlega niðurstöðu fyrirhugað á vormánuðum 2015.

Einnig var unnið að endurskoðun á fagráði listaháskólans og var sú vinna unnin af fagráðinu sjálfu með það að markmiði að gera vinnu þess skilvirkari og auka áhrif þess á þróun skólans. Þessari endurskoðun lauk rétt fyrir áramótin. Fagráðinu hefur verið gefið aukið vægi innan skólans sem stefnumótandi afls í akademískum málefnum. Meðlimum ráðsins hefur verið fækkað úr 18 í 11 og þar sitja nú rektor, fulltrúi deildarforseta, fimm fulltrúar fastráðinna kennara skólans, tveir fulltrúar stundakennara og tveir fulltrúar nemenda, einn úr grunnnámi og annar úr framhaldsnámi.

Rekstur listaháskólans hefur verið þungur undanfarin ár og hafa stjórnendur þurft að beita ítrasta aðhaldi til að tryggja viðunandi afkomu í rekstrinum. Fjárframlög ríkisins til skólans 2014 voru 793.612.118 kr og aðrar tekjur 226.028.867 kr. Rekstrargjöldin voru hins vegar 1.020.525.836 kr og tap því um 3 milljónir króna. Sem dæmi um erfiða stöðu skólans er að ekki hefur verið unnt að greiða kennurum sambærileg laun og aðrir háskólakennarar fá og kostnaður við rekstur húsnæðis er hlutfallslega hærri en annarra háskóla. Það er því ljóst einhver leiðrétting frá hinu opinbera til skólans þarf að koma til.

Samvæmt fjárlögum er framlag ríkisins til rannsókna við listaháskólann hlutfall af heildarframlagi vegna nemendaígilda og nemur 6 prósentum. Þar sem rannsóknir eru nú vaxandi þáttur í starfi listaháskólans er það eindregin krafa að framlagið verði aukið til samræmis við það sem aðrir háskólar í landinu fá í gegnum rannsóknarsamninga. Ástæða er til að ítreka mikilvægi þess að skjóta sömu stoðum undir rannsóknir á fræðasviði lista og á öðrum fræðasviðum, enda liggja þar mikil verðmæti sem draga þarf fram - bæði í grunnrannsóknum á þjóðararfinum, sem og í sértækari rannsóknum á sérsviðum þeirra háskólakennara sem við skólann starfa.

Húsakosti Listaháskóla Íslands fleytti töluvert fram á þessu tímabili, því í janúar 2014 voru tekin í notkun í Laugarnesi ný rými fyrir meistaranema í myndlist auk nýrra kennslurýma í listkennsludeild; alls um 600 fm. Einnig náðust samningar við Reykjavíkurborg um leigu á óinnréttuðum rýmum í Austurstræti 22a, en vinna við að innrétta þau stóð yfir á haustmánuðum 2014. Viðbótin í Austurstræti, um 460 fm, bætir mjög úr því aðstöðuleysi sem sviðslistadeildin hefur þurft að búa við, með nýjum danssal og svörtu rými fyrir sviðshöfundabraut deildarinnar. Um hönnunina á rýmunum sá Steve Christer, arkitekt hússins og er hún öll til fyrirmyndar hvað fagleg viðmið varðar bæði fyrir nemendur og kennara.

Listaháskólanum hefur ennfremur verið mörkuð stefna til skemmri tíma er miðar að því að koma öllu skólastarfinu í húsnæði sem stenst þau faglegu viðmið sem skólinn hefur að leiðarljósi. Markmið húsnæðisstefnunnar er að leysa þann vanda sem safnast hefur upp allt frá stofnun skólans og leysa átti með nýbyggingu þar sem allar deildir skólans væru undir sama þaki. Þar sem þau áform hafa ekki orðið að veruleika var á árinu 2014 tekin ákvörðun um að leita annarra leiða til skemmri tíma til að takast á við brýna þörf fyrir úrræði og betri aðstöðu.

Nám við Listaháskóla Íslands hefur allt frá upphafi verið mjög eftirsótt. Sú staðreynd að lítil breyting hefur orðið á aðsókninni í gegnum tíðina sýnir vel sterka stöðu skólans við að skapa ný og aukin tækifæri í ört vaxandi geira skapandi greina. Starf listaháskólans er hryggjarstykkið í lista- og menningarlífi landsmanna, enda nærast þar þau fræ sem eiga eftir að mynda grasrót framtíðarinnar og tryggja áframhaldandi samtal lista, samfélags og atvinnulífs.

Starfsfólki Listaháskólans þakka ég fyrir þeirra ríkulega framlag til skólastarfsins og einkar ánægjulegt samstarf.



Fríða Björk Ingvarsdóttir,
rektor Listaháskóla Íslands





# STJÓRN – RÁÐ – NEFNDIR

## Stjórn

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn listaháskólans er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við skólann. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefnir tvo menn í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Félags um Listaháskóla Íslands. Stjórn fundar á 4-6 vikna fresti yfir skólaárið.

Árið 2014 var stjórn Listaháskólans þannig skipuð:

Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri, stjórnarformaður.

Kolbeinn Einarsson, tónlistarmaður, varaformaður (lét af störfum í lok árs 2014).

Halla Helgadóttir, grafískur hönnuður (tók sæti í lok árs 2014).

Jóhannes Þórðarson, arkitekt.

Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt.

Markús Þór Andrésson, myndlistarmaður og sýningarstjóri.

## Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð er samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans, en í framkvæmdaráði sitja rektor, framkvæmdastjóri og deildarforsetar. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Framkvæmdaráð kemur að öllu jöfnu saman vikulega yfir skólaárið.

## Fagráð

Fagráð hefur verið starfandi við skólann síðan 2009 en á árinu 2014 fór fram endurskoðun á hlutverki þess og skipan. Skerpt var á hlutverki fagráðsins sem samráðsvettvangi um akademísk málefni og ábyrgð ráðsins aukin. Fagráðið skal samkvæmt nýju skilgreiningunni koma saman oftar en áður, eða mánaðarlega og undir það heyra nú tvær nýjar nefndir; kennslunefnd og rannsóknanefnd. Meðlimum var fækkað úr 18 í 11, en deildarforsetar eiga þar nú einn fulltrúa í stað fimm áður og nemendur 2 í stað 5 áður. Fagráðið kýs sér einnig formann, en áður var rektor sjálfkrafa formaður.

## Nemendaráð

Í hverri deild er starfandi nemendafélag sem hefur það hlutverk að sinna málum sem varða hagsmunamál nemenda. Nemendaráð Listaháskóla Íslands er skipað formönnum nemendafélaganna. Nemendaráð skipar í nefndir og ráð eftir tilnefningum nemendafélaga. Nemendaráð er samráðsvettvangur nemenda og stjórnenda skólans og fundar með rektor reglulega yfir skólaárið.

## Nefndir

Á skólaárinu voru starfræktar þrjár nefndir, skipaðar starfsfólki og nemendum: gæðanefnd, jafnréttisnefnd og umhverfisnefnd.

# HÁSKÓLASKRIFSTOFA

## Alþjóðaskrifstofa

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og er aðili að samtökum sem á einn eða annan hátt láta sig varða samstarf og þróun háskólastofnana í listum. Stór hópur nemenda tekur hluta náms síns erlendis og fjölbreyttur hópur nemenda frá ýmsum löndum stundar nám við skólann til lengri eða skemmri tíma. Listaháskólinn býður upp á alþjóðlegt nám á meistarastigi í tónlist, myndlist og hönnun og lögð er áhersla á að búa nemendur undir störf sem listamenn á alþjóðlegum vettvangi. Markvisst er leitað samstarfs við listamenn og fræðafólk erlendis frá og kennarar skólans afla sér reynslu með kennslu í samstarfsskólum.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans veitir upplýsingar og ráðgjöf og hefur umsjón með styrkjum til nemenda, kennara og starfsfólks skólans. Skrifstofan annast tengsl við erlenda samstarfsaðila, leiðir þátttöku í samstarfsverkefnum og veitir erlendum nemendum stuðning. Í samvinnu við deildir skólans er unnið að samþættingu náms, skiptináms og starfsnáms. Áhersla er á að skapa jöfn tækifæri og hvetja nemendur og starfsfólk allt til þátttöku í erlendu samstarfi. Listaháskólinn tryggir gæði náms með gæðakerfi sem er sniðið að þörfum skólans og tryggir að starfsemin sé í samræmi við innri og ytri viðmið.

## Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er með starfsemi í þremur byggingum skólans; í Þverholti fyrir hönnunar- og arkitektúrdeild, í Sölvhólsgötu fyrir sviðslistadeild og tónlistardeild og í Laugarnesi fyrir myndlistardeild og listkennsludeild. Skráðir lánþegar árið 2014 voru 957 en virkir lánþegar undanfarin þrjú ár teljast vera 1534 eða 515 karlar og 1019 konur. Safnið þjónar nemendum og kennurum skólans og öðrum þeim sem leita til safnsins. Þungamiðja starfseminnar er tvíþætt, annarsvegar uppbygging safnkosts með hliðsjón af stefnu deilda og námsbrauta og hinsvegar efling upplýsingalæsis meðal nemenda og kennara skólans með kennslu í leit og meðferð heimilda; hvort sem er á prenti eða í rafrænum aðgangi.

Upplýsingafræðingar vinna náið með fagstjórum fræða við að byggja upp safnkost sem hæfir því námi sem fram fer við skólann hverju sinni. Söfnun, varðveisla og miðlun þeirra heimilda sem safnið viðar að sér í uppbyggingu safnkosts deilda er því gegnumgangandi í starfsemi bókasafnsins en hjá safninu starfa þrír af fimm starfsmönnum við innkaup, skráningu og flokkun safnkosts. Þetta telst nokkuð hátt hlutfall fyrir ekki stærra safn en skýrist af því að bókasafnið er ungt líkt og skólinn sjálfur og uppbygging safnkostsins er því enn mikil og virk á fræðasviðinu. Skráð eintök á árinu 2014 voru 58.094 og útlán alls 9.579. Nýskráð eintök voru 2.522 en millisafnalán út voru 59 bækur og inn 24 bækur. Tímaritatitlar í prenti eru um 65 talsins og dreifast í deildir. Þau eru ekki til útláns. Aðgangur að rafrænum áskriftum tímaritsgreina er í hundruðum þúsunda ef talið er saman greinar í sk. landsaðgangi og tugum þúsunda í séráskriftagagnasöfnum sem bókasafnið kaupir fyrir deildir og brautir skólans.

Bókasafn tónlistardeildar er í sérstakri uppbyggingu með aðkomu Styrktarsjóðs Halldórs Hansen til kaupa á bókum og nótum. Ennfremur fer fram uppbygging safnkosts í öllum deildum og brautum með móttöku stærri og minni gjafa sem skráðar eru inn í safnkostinn með hliðsjón af aðfangastefnu safnsins. Nýskráð eintök í bókasafn Sölvhólsgötu voru 1.284 fyrir árið 2014.

Upplýsingafræðingar sinna upplýsingalæsisfræðslu meðal nemenda og kennara skólans með því að veita markvissa og reglubundna kennslu í leit og meðferð heimilda. Upplýsingafræðingar eru bókaðir í fræðanámskeið deilda og brauta á báðum námsstigum fyrir hópkennslu en nemendur og kennarar geta líka bókað viðtalstíma með upplýsingafræðingi á safninu og fer sú þjónusta vaxandi. Alls bókuðu 40 nemendur sig í einstaklingsaðstoð á tímabilinu en í námskeiðum fengu alls 369 nemendur kennslu í upplýsingalæsi.

## Gæðastjórnun

Umfangsmiklu sjálfsmati stofnunarinnar innan rammaáætlunar Gæðaráðs íslenskra háskóla lauk á árinu með skilum á sjálfsmatsskýrslu stofnunarinnar til ráðsins í júlíbyrjun. Í kjölfarið heimsótti skólann nefnd á vegum Gæðaráðsins til að gera úttekt á starfseminni. Úttektin leiddi í ljós að Listaháskólinn nýtur trausts ráðsins bæði hvað varðar akademískt starf og námsumhverfi og fær Listaháskólinn hæstu mögulegu einkunn við fyrstu úttekt samkvæmt núverandi kerfi. Niðurstöður úttektarinnar voru ánægjulegar fyrir skólann og ábendingar munu nýtast vel við áframhaldandi þróun á gæðakerfi skólans.

## Náms- og kennsluþjónusta

Náms- og kennsluþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um sameiginleg málefni sem tengjast námi og kennslu. Þar fer fram umsjón með nemendabókhaldi, stundaskrám, úthlutun kennslurýmis ásamt innritun og útskriftargögnum, skóladagatali, kennslukönnun og útgáfu kennsluskrár. Náms- og kennsluþjónustan annast ýmis málefni sem tengjast stjórnsýslu skólans svo sem endurskoðun og útgáfu skólareglna.

Deildarskrifstofur tilheyra náms- og kennsluþjónustunni og þar geta nemendur og kennara fengið aðstoð og upplýsingar af ýmsu tagi. Nemendur geta nálgast þar vottorð og námsferla.

Náms- og starfsráðgjafi starfar innan náms- og kennsluþjónustu og hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi.

Náms- og kennsluþjónustan var stofnuð um áramótin 2012-2013 í kjölfar nýs skipurits skólans. Í stefnumótun Listaháskólans frá 2013- 2017 kemur fram að búa eigi námi og kennslu viðeigandi umgjörð og þar sem þessi starfsemi er nýlega tekin til starfa mun hún verða í þróun innan skólans á næstu misserum.

## Rannsóknaþjónusta

Rannsóknaþjónustan hefur það hlutverk að greiða veg rannsókna og nýsköpunar við skólann og styðja þannig við uppbygginu þekkingar á fræðasviði lista. Helstu verkefni eru að aðstoða við þróun verkefna, veita upplýsingar um styrkjamöguleika og aðstoða við umsóknaskrif, og hafa umsjón með árlegu mati á afrakstri akademískra starfsmanna. Þar að auki sinnir rannsóknaþjónustan stefnumótun á sviði rannsókna og nýsköpunar í samstarfi við framkvæmdaráð, fagráð og aðra starfsmenn skólans.

Í mars lagði Rannsóknahópur fagráðs fram greinargerð um heildstætt gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista. Annarsvegar var lögð fram tillaga að skilgreiningu á hugtakinu „listrannsóknir" og hinsvegar tillaga að matskerfi fyrir afrakstur rannsókna og nýsköpunar á sviðinu. Greinargerðin hefur mikla þýðingu fyrir áframhaldandi starf innan skólans og mun undirbúa hann undir sókn í fjármagn til rannsókna, hvort sem er til ráðuneytis eða samkeppnissjóða, auk þess að styrkja stoðir og ferla fyrir innra gæðamat. Þegar greinargerðin var lögð fram var hópurinn leystur frá störfum en ný rannsóknanefnd ekki skipuð á árinu vegna endurskipulagningar á hlutverki fagráðs. Greinargerðin sjálf er opinber og er að finna á vefsvæði rannsóknaþjónustunnar.

Reglulega yfir hvert skólaár skipuleggur rannsóknaþjónustan umræðuvettvang um rannsóknir. Í febrúar fór fram í þriðja sinn Hugarflug, opinber ráðstefna skólans um rannsóknir á sviðinu, þar sem um 40 listamenn, hönnuðir og fræðimenn kynntu verkefni sín. Þá stóð rannsóknaþjónustan fyrir röð rannsóknasmiðja fyrir fastráðna starfsmenn, meistaranema og stundakennara, þar sem utanaðkomandi gestum var boðið að kynna eigin rannsóknaverkefni. Smiðjurnar kveiktu gagnrýnar og uppbyggjandi samræður um listrannsóknir og drógu fram mismunandi nálgun milli listgreina, en gestir voru Anne Boddington, prófessor og deildarforseti lista- og hugvísindadeildar við University of Brighton, Dr. Bryndís Snæbjörnsdóttir, prófessor við Valand akademíuna í Gautaborg, Dr. Karmenlara Ely, dósent og listrænn stjórnandi leikarabrautar við Norsku leiklistarakademíuna í Frederikstad, Þórhallur Magnússon, lektor í tónlist við University of Sussex í Bretlandi, og Dr. Michael Biggs, prófessor við School of Creative Arts, University of Hertfordshire í Bretlandi.

## Kynningarmál og tölvuþjónusta

Haustið 2014 voru kynningarsvið og tölvusvið lögð niður. Starfsemi tölvusviðs var útvistað til Þekkingar en kynningarmál skólans eru í víðtækri endurskoðun. Von er á að ný skipan tölvu- og kynningarmála (þar með talinn vefur skólans) líti dagsins ljós haustið 2015.

# NEMENDUR

Alls voru 433 virkir nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2014, 279 konur og 154 karlar. Nemendur í bakkalárnámi voru 358 og 70 í meistaranámi. Vorið 2014 bárust 359 umsóknir um nám við skólann, en ekki voru teknir inn nemendur í sviðslistadeild. Um haustið hófu 133 nýnemar nám og var inntökuhlutfallið því 37% heilt yfir skólann. Á árinu útskrifuðust 130 nemendur.

Endurkomuhlutfall nemenda var 94%, en það er reiknað útfrá fjölda nemenda sem hóf nám haustið 2013 og fjölda þeirra sem skilaði sér á annað ár haustið 2014.




Mynd 1.

Kynjahlutföll nemenda eftir deildum (október 2014).




Mynd 2.

Fjöldi nemenda eftir deildum (október 2014).

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Yngri en 25 ára | 270 | 62% |
| 26–30 ára | 88 | 20% |
| 31–40 ára | 52 | 12% |
| 41–49 ára | 16 | 4% |
| Eldri en 50 ára | 7 | 2% |

Tafla 1.

Aldursdreifing nemenda (október 2014).



# STARFSFÓLK

Í október 2014 voru fastráðnir starfsmenn á launaskrá skólans alls 100 í 84,15 stöðugildum, 57 konur og 41 karl. Stöðugildi stundakennara á árinu voru 21,3 en þau eru reiknuð út frá klukkustundum. Höfðatala stundakennara var 414 á árinu 2014. Að auki komu fjölmargir gestir, leiðbeinendur lokaverkefna, prófdómarar og fyrirlesarar til starfa við skólann.




Mynd 3.

Fjöldi stöðugilda akademískra starfsmanna og stundakennara eftir deildum. Önnur störf eru umsjón verkstæða, tæknimála og meðleikur (október 2014).




Mynd 4.

Skipting starfsþátta eftir deildum. Stjórnun deildarforseta er undanskilin á þessari mynd (október 2014).

# FJÁRMÁL

Heildartekjur Listaháskóla Íslands á almanaksárinu 2014 voru 1.020 milljónir króna; 794 milljónir var framlag ríkisins, 186 milljónir komu inn vegna skólagjalda og aðrar tekjur voru 40 milljónir.

Rekstrargjöld voru 1.003 milljónir króna; laun voru 679 milljónir, húsnæðiskostnaður 187 milljónir og annar rekstrarkostnaður var 136 milljónir. Afskriftir og fjármagnskostnaður voru 20 milljónir króna og myndaðist því tap frá rekstri upp á 3 milljónir króna.

### Rekstrarreikningur ársins 2014

| | |
|---|---|
| **Rekstrartekjur** | |
| Framlag ríkissjóðs til kennslu og rannsókna | 793.612.118 |
| Skólagjöld | 186.447.190 |
| Aðrar tekjur | 39.581.677 |
| | **1.019.640.985** |
| **Rekstrargjöld** | |
| Laun og launatengd gjöld | (679.390.535) |
| Húsnæðiskostnaður | (187.115.172) |
| Annar rekstrarkostnaður | (136.398.786) |
| Afskriftir | (17.621.343) |
| | **(1.020.525.836)** |
| **Rekstrarafkoma** | **(884.851)** |
| Fjármunatekjur | 331.107 |
| Fjármagnsgjöld | (2.495.129) |
| **Afkoma ársins** | **(3.048.873)** |



# STARFSEMI DEILDA



# HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

Fyrir utan þróun í kennslu og kennsluháttum og áherslu á rannsóknartengd verkefni eru sjálfsmat og endurskipulagning þau hugtök sem lýsa einna best starfsemi hönnunar- og arkitektúrdeildar árin 2013 og 2014. Haustið 2014 var kennsluskrá hönnunar- og arkitekúrdeildar gefin út í heildstæðu og aðgengilegu formi, en áður hafði kennsluskráin aðeins verið aðgengileg á innri vef skólans. Í aðdraganda útgáfu kennsluskrárinnar var farið í að endurskilgreina og endurskipuleggja nám á hverri námsbraut fyrir sig og áhersla lögð á að efla samtal og samvinnu milli kennara og auka flæði milli vinnunámskeiða, fræðinámskeiða og tækninámskeiða.  Allar námskrár fyrir námsbrautir í BA náminu voru endurskrifaðar, uppbygging allra námsbrauta samræmd og rúm var skapað fyrir þverfaglegt samstarf kennara jafnt sem nemenda með innleiðingu sameiginlegra námskeiða deildar. Fræðinám var endurskipulagt frá grunni og hugmyndafræðilega skerpt á uppbyggingu og tengslum sameiginlegra og sérhæfðra fræðinámskeiða. Aukin áhersla er lögð á þverfræðilega nálgun og samstarf milli námsbrauta.

Veturinn 2013–2014 fór vinna við sjálfsmatsskýrslu hönnunar- og arkitektúrdeildar fram. Sérstök skýrsla var jafnframt unninn fyrir námsbraut í arkitektúr. Báðar skýrslurnar komu út í september 2014. Skýrslurnar voru unnar af úttektarnefnd sem skipuð var bæði starfsmönnum og nemendum við deildina og erlendum ráðgjöfum. Auk þeirra voru aðrir starfsmenn deildarinnar og stoðsviða kallaðir til samráðs og til umsagnar um ákveðin málefni. Formaður beggja sjálfsmatsnefnda var Sigrún Birgisdóttir deildarforseti. Erlendir ráðgjafar og matsaðilar voru Anne Boddington, prófessor og sviðsforseti við College of Arts and Humanities, University of Brighton og Tine Kjølsen, rektor Designskolen við Det Kongelige Kunstaakdemis Skoler for Arkitektur, Design og Konservering (KADK).

Vorið 2014 útskrifuðust fyrstu meistaranemar deildarinnar með MA gráðu í hönnun. Útskriftar-nemendurnir voru þrír og höfðu þeir allir unnið verkefni með sterka samfélagslega tengingu þar sem hugmyndin um hönnun sem afl til umbóta var höfð að leiðarljósi. Útskriftarverkefni MA nemenda voru kynnt á sameiginlegri útskriftarsýningu hönnunar- og arkitektúrdeildar og myndlistardeildar í Gerðarsafni í Kópavogi í apríl. Prófdómari útskriftarverkefna í hönnun var Maziar Raein, stjórnandi MA náms í hönnun við KHiO, listaháskólann í Osló.

Í tengslum við uppbyggingu MA námsins hefur verið unnið að því að innleiða nýtt námskerfi, sem kallast á ensku *relational model*, og samhliða því námsmatskerfi sem byggir á símati og sjálfsmati nemenda. Námsmatskerfið, sem nefnt hefur verið á ensku *relational assessment*, hefur verið þróað af John Wood, prófessor emeritus við Goldsmiths College og gestakennara við hönnunar- og arkitektúrdeild, í samstarfi við Dóru Ísleifsdóttur fagstjóra í MA námi sem hefur haft umsjón með innleiðingu þess. John Wood hefur verið sérstakur ráðgjafi varðandi uppbyggingu MA náms.

Nýtt trésmíðaverkstæði og tækniverkstæði var tekið í notkun í Þverholti í byrjun árs 2013 þar sem nemendur geta meðal annars nýtt sér þrívíddarprentara og laser skurðarvél. Um sumarið var bætt við tækjabúnaði og Halldór Úlfarsson ráðinn umsjónarmaður verkstæðisins.

Á skólaárinu 2013–2014 var lögð mikil áhersla á að þróa nánar rannsóknaraðferðir deildarinnar, ásamt þverfaglegu samstarfi milli ólíkra námsbrauta með áherslu á sjálfbærni og samfélagsvitund. Nýtt námskeið var sett á fót í kjölfar þess að námsskrár voru endurskrifaðar þar sem nemendur á öllum námsbrautum á 2. ári í BA námi unnu saman undir handleiðslu kennara deildarinnar og MA nemenda á fyrsta ári. Yfirskrift námskeiðsins var Together. Hugmyndalegur grunnur námskeiðsins var í þróun í nokkra mánuði í samtali allra kennara deildarinnar og byggir að nokkru leiti á kenningum félagsfræðingsins Richards Sennett sem árið 2012 gaf út bókina *Together: The Rituals, Pleasures and Politics of Cooperation*. MA nemendur  leiddu verkefnin og nemendur allra brauta deildarinnar unnu saman í hópum með það að markmiði að nota hönnun sem verkfæri til samfélagslegra breytinga. Aðferðafræði námskeiðsins fólst m.a. í því að skilgreina viðfangsefni ásamt viðeigandi samstarfsaðila í samfélaginu með það að leiðarljósi að skapa umbreytingu á ástandi, hvetja til aðgerða og aukinnar samfélagsvitundar hlutaðeigandi. Afrakstur námskeiðsins var kynntur með sýningu í lok skólaársins og myndbönd með verkefnum námskeiðsins má nálgast á heimasíðu deildarinnar.

Samhliða því sem samstarf milli námsbrauta hefur verið endurhugsað og gert markvissara hefur verið lögð áhersla á að efla samstarf við erlenda háskóla, bæði innan samstarfsnetanna CIRRUS, The Nordic Academy of Architecture og Cumulus en einnig innan Erasmus  og Nordplus samstarfsnetanna. Haustið 2014 heimsóttu fimm kennarar deildarinnar háskóla í Bretlandi, Belgíu, Svíþjóð og Danmörku innan þessara samstarfsneta og grunnur var lagður að samstarfi milli nemenda í vöruhönnun og fatahönnun við samstarfskóla í CIRRUS netinu. Nemendur á öðru ári í arkitektúr fóru í vel heppnaða námsferð til Sviss og nemendur á þriðja ári á öllum námsbrautum fóru í námsferð til Berlínar haustið 2014 auk þess sem nemendur í fatahönnun á fyrsta ári fóru í sína árlegu ferð til Parísar.

## Nemendur

Nemendur í hönnunar- og arkitektúrdeild voru samtals 170 skólaárið 2013–2014 á fimm námsbrautum: 43 nemendur stunduðu BA nám í arkitektúr, 26 BA nám í fatahönnun, 59 BA nám í grafískri hönnun og 28 BA nám í vöruhönnun. Meistaranemar voru 14. Kynjahlutföll voru 109 konur (64%) og 61 karl (36%).

Inntökuhlutfall var 26%, 207 umsóknir bárust en 54 nýnemar hófu nám. Flestar umsóknir bárust í grafíska hönnun eða alls 105 og inntökuhlutfall var jafnframt lægst á námsbraut í grafískri hönnun eða 19%.

Í júní 2014 útskrifuðust 43 nemendur með BA gráðu frá hönnunar- og arkitektúrdeild og skiptust þeir þannig milli brauta: arkitektúr 14, fatahönnun 6, grafísk hönnun 17 og vöruhönnun 6. Veturinn á undan höfðu 3 nemendur útskrifast með BA gráðu í grafískri hönnun við haustútskrift í september 2013 og við vetrarútskrift í janúar 2014. Haustið 2014 útskrifaðist einn nemandi með BA gráðu í grafískri hönnun.

## Starfsfólk

Nokkrar mannabreytingar urðu í deildinni á árunum 2013 og 2014. Birna Geirfinnsdóttir var ráðin lektor og fagstjóri í grafískri hönnun haustið 2013 og Lóa Auðunsdóttir aðjúnkt í grafískri hönnun. Garðar Eyjólfsson tók við starfi lektors og fagstjóra í vöruhönnun sama ár og Thomas Pausz var ráðinn aðjúnkt í vöruhönnun. Tinna Gunnarsdóttir aðjúnkt í vöruhönnun var í námsleyfi veturinn 2013-2014 og lauk rannsóknartengdu meistaranámi við University of Brighton. Haustið 2014 tók Steinþór Kári Kárason við starfi fagstjóra í arkitektúr af Hildigunni Sverrisdóttur. Jan van Boeckel var ráðinn aðjúnkt og fagstjóri fræðinámskeiða í MA námi haustið 2014. Sigrún Birgisdóttir fór í barneignaleyfi haustið 2014 og leysir Sigrún Alba Sigurðardóttir lektor hana af sem deildarforseti og Bryndís Björgvinsdóttir fór í hækkað starfshlutfall sem fagstjóri fræðinámskeiða í BA námi.

Haustið 2014 voru akademískir starfsmenn, að deildarforseta meðtöldum, alls 17 og voru stöðugildin 13,4.  Auk þess eru 3 fastráðnir starfsmenn verkstæða í Laugarnesi í hálfu starfi á móti starfshluta í myndlistardeild. Þá eru 2 starfsmenn í 0,8 stöðugildi á verkstæðum í Þverholti. Við deildina er jafnframt starfandi deildarfulltrúi og þjónustufulltrúi. Haustið 2014 var Hallgerður G. Hallgrímsdóttir ráðin verkefnisstjóri.

Stundakennarar gegna lykihlutverki í kennslu við deildina og voru stöðugildi þeirra samtals 7,3. Fjöldi erlendra gestakennara kom einnig að kennslu en að jafnaði kemur einn erlendur gestakennari á hverja námsbraut í BA námi á hverri önn og tveir á hverja önn í MA námi. Prófdómarar allra námsbrauta komu erlendis frá og eru þeir allir framúrskarandi hönnuðir og kennarar á sínu sviði.

## Stefnumótun og framtíðarsýn

Helstu stefnumál deildarinnar eru að hlúa að lærdómssamfélagi hönnuða með metnaðarfullri kennslu og krefjandi námi, hlúa að frekari uppbyggingu meistaranáms með því að koma á MA námi í arkitektúr, skapa aukinn stuðning við margvísleg samstarfsverkefni deildarinnar og að efla rannsóknir í hönnun og arkitektúr.

Áherslur undanfarinna ára hafa leitt til endurskoðunar á námskrá og kennslu í BA námi, ráðningar fleiri kennara og starfsfólks við deildina og stofnun nýs meistaranáms í hönnun. Með þessum verkefnum hefur falist tækifæri til að dýpka samræður og skerpa á áherslum til að koma menningu hönnunar á framfæri sem hreyfiafli í samfélaginu. Hönnuðir vinna að heildrænum lausnum og sjá félagslegar og vistkerfislegar umbreytingar í ljósi staðbundinnar þróunar en þjálfun hönnuða snýst því um leiðir við að beita hönnunarhugsun inn í ólík kerfi í samfélaginu.

Markmið hönnunar- og arkitektúrdeildar eru að:

- bjóða upp á metnaðarfullt nám og kennslu
- þróa lærdómssamfélag kennara og nemenda
- þróa þverfagleg samvinnuferli í hönnun
- vinna að sjálfbærni
- byggja upp rannsóknamenningu sem styður sameiginlega þekkingarsköpun
- takast á við samtímaáskoranir í samfélaginu með aðferðafræði hönnunar
- koma menningu hönnunar á framfæri sem hreyfiafli í samfélaginu
- stuðla að uppbyggilegum breytingum í samfélaginu

Til að styrkja starfsumhverfi hönnuða þarf að efla samráð og samstarf innan hönnunargeirans jafnt sem utan. Mikilvægt er að tryggja lifandi samtal við aðrar menntastofnanir og rannsóknanet, og sækja ráðstefnur og sýningar á innlendum jafnt sem erlendum vettvangi. Stefnt er að því að skapa aðstæður fyrir kennara deildarinnar til að þróast í starfi sem hönnuðir, fræðimenn og rannsakendur.

Kennarar deildarinnar hafa stofnað til þverfaglegrar samvinnu við fjölda einstaklinga, samtaka, stofnana og fyrirtækja um þróun verkefna sem unnin eru í námskeiðum eða sem rannsóknar- og/eða þróunarverkefni starfsmanna. Samstarfslíkön eru margvísleg og í sífelldri þróun og mótun. Styðja þarf umhverfi til að þróa samstarf ásamt því að tryggja eftirfylgni og sýnileika slíkra verkefna.

Áhersla er á að byggja upp rannsóknamenningu sem styður sameiginlega þekkingarsköpun og endurspeglast í öllu starfi deildar með aukinni samþættingu rannsókna og kennslu. Í auknum mæli þarf að styrkja akademíska starfsmenn deildarinnar til rannnsókna og listsköpunar með hvetjandi aðstöðu og umhverfi. Rannsóknir í hönnun og arkitektúr eru skammt á veg komnar á Íslandi og markmið deildarinnar er að vera miðstöð rannsókna á sviði hönnunar og arkitektúrs. Efla þarf rannsóknavettvang sem styður við rannsóknaverkefni deildar ásamt því að koma upp gagnasafni sem gert er aðgengilegt almenningi til að tryggja varðveislu þekkingar og til að nýrri þekkingu, verkefnum og rannsóknum sé miðlað áfram. Áhersla á reglulega endurskoðun og símat innan deildar er mikilvægt en til að ofangreindir þættir nái að eflast og þróast er mikilvægt að efla innviði, einkum vinnuumhverfi og tækniaðstöðu. Síðast en ekki síst þarf að veita tíma og svigrúm til að af þeim fræjum sem sáð hefur verið spretti gróður sem eykur og styrkir faglega reynslu og þroska.





# LISTKENNSLUDEILD

Í listkennsludeild er boðið upp á þrjár námsleiðir:

- 120 eininga meistaragráðu fyrir listamenn sem lokið hafa BA gráðu.
- 60 eininga viðbótarnám til meistaragráðu fyrir listamenn sem lokið hafa BA gráðu í listum og 60 eininga kennsluréttindanámi. Meistaragráðum lýkur með MArtEd eða MA gráðu í listkennslu.
- 60 eininga kennsluréttindanám í listkennslu fyrir listamenn sem lokið hafa meistaragráðu í sinni listgrein, lýkur með diploma í listkennslu.

Áherslur deildarinnar mótast af rannsóknarsviðum starfsmanna og grunnstoðum menntunar samkvæmt núgildandi Menntastefnu, s.s. sjálfbærni til menntunar og í listum, læsi í víðum skilningi, símenntun og skapandi nálgun í skólastarfi á forsendum lista. Nemendur eru einnig hvattir til að tengja verkefni sín vettvangi.

Frá hausti 2011 hafa valin námskeið deildarinnar verið opin fyrir starfandi listkennurum og listamönnum. Í samræmi við aukna eftirspurn hefur framboðið verið aukið og á skólaárinu 2013–14 buðust alls 18 námskeið en 17 á haustönn 2014. Samfara tækifæri fyrir samtal milli nemenda og starfsvettvangs býðst þar möguleiki til símenntunar fyrir listkennara og listamenn, hvort sem þeir hyggjast bæta við sig formlegu námi eða ekki.

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum var formlega stofnuð í september 2014. Markmið hennar er að auka og efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði listnáms og listkennslu á öllum skólastigum í náinni samvinnu við vettvang. Rannsóknarstofan starfar undir hatti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands og hefur aðsetur þar. Formaður stjórnar stofunnar er Kristín Valsdóttir deildarforseti listkennsludeildar.

## Nemendur

Nemendur við listkennsludeild voru 39 á árinu 2014. Þar af einn í diplómanámi og einn nemandi í símenntun kennara í námsleyfi. Aðrir voru í meistaranámi til kennsluréttinda MArtEd og MA. Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var margbreytilegur að vanda. Hópurinn samanstóð af átta tónlistarmönnum, ellefu leikurum, tveim dönsurum, tíu hönnuðum og sjö myndlistarmönnum af ólíkum sérsviðum. Fjórir nemendur útskrifuðust frá listkennsludeild um áramót. Á skólaárinu 2013–14 útskrifuðust alls 26 nemendur. Flestir nemendur deildarinnar eru á aldursbilinu 31–40 ára.

## Starfsfólk

Á haustmisseri 2014 voru fimm akademískir starfsmenn í fastri stöðu við deildina, auk deildarforseta sem var í rannsóknaleyfi ágúst–desember. Tveir aðjúnktar bættust við á árinu, en þeir eru ráðnir í hlutastarf í deildinni á móti hlutastarfi í sviðlista- og tónlistardeild. Stundakennarar og gestir á námskeiðum voru alls 29 í þeim 22 námskeiðum sem í boði voru utan vettvangsnáms. Viðtökukennarar nemenda í vettvangsnámi voru 16 alls. Leiðbeinendur meistaraverkefna voru 3 á haustmisseri 2014 en 28 á skólaárinu 2013–2014.
Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru 6 í 3 stöðugildum:
Ásthildur B. Jónsdóttir, lektor og fagstjóri sjónlista og meistaraverkefna.
Kristín Valsdóttir, deildarforseti.
Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri sviðslista og umsjónarmaður opinna símenntunarnámskeiða.
Gunndís Ýr Finnbogadóttir, deildarfulltrúi og aðjúnkt.
Gunnar Benediktsson, aðjúnkt.
Kjartan Valdemarsson, aðjúnkt.

## Stefnumótun og framtíðarsýn

Helsta stefnumál deildarinnar er styrking og áframhaldandi þróun símenntunar fyrir listkennara og listamenn. Til viðbótar opnu námskeiðunum hefur deildin tekið að sér að halda utan um símenntunarnámskeið fyrir fagfélög listkennara sem styrkt eru af Félagi framhaldsskólakennara, tónlistar – og tónmenntakennara og einnig fyrir félag íslenskra myndlistarmanna. Þróun styttri námslína og viðbótarnáms til diplómu er einnig á teikniborðinu. Er þar m.a. um að ræða námslínu í Tónlist og hreyfingu (Orff nálgun) fyrir tónlistarkennara og Listir, velferð og valdefling með áherslu á listir og valdeflingu.

Nýstofnuð Rannsóknarstofa í listkennslufræðum stendur fyrir sinni fyrstu málstofu nú í maílok í Listasafni Reykjavíkur sem ber yfirskriftina Aðgengi barna- og ungmenna að listum og listkennslu – réttur eða forréttindi? Með virku sambandi við fagfélög og listkennara eru bundnar vonir við að byggja megi upp sterkt samfélag listkennara og listamanna sem sinna rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði listkennslu í víðum skilningi.



# MYNDLISTARDEILD

Síðastliðin misseri hefur átt sér stað mikil endurskoðun á starfsemi myndlistardeildar. Lokið var við fagúttekt á starfseminni með útgáfu sjálfsmatsskýrslu haustið 2013. Sjálfsmatinu er ætlað að bæta starfið og ljóst að hér er um mikilvægt tæki að ræða fyrir starfsmenn deildarinnar. Matið var unnið af akademískum starfsmönnum, nemendum og erlendum sérfræðingum.

Unnið var að endurgerð hæfniviðmiða og námskeiðslýsinga og er sú vinna enn í gangi. Tengsl við stundakennara voru bætt með auknum upplýsingum og betri aðkomu þeirra að deildinni. Samstarfsverkefni við fagaðila eru skilgreind með markvissari hætti og aðkoma erlendra gestakennara og sérfræðinga miðar að því að stofna til tengsla sem geti varað til lengri tíma. Rafrænt fréttabréf hóf göngu sína haustið 2013.

Vorið 2014 útskrifaði myndlistardeild fyrstu nemendur á Íslandi með MA gráðu í myndlist. Útskriftarsýning MA nema fór fram í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, en samningur var gerður við safnið til 3ja ára um útskriftarsýningar MA nema í myndlist og í hönnun. Nýtt og glæsilegt húsnæði fyrir MA nemendur var tekið í notkun í mars 2014. Samstarf við Háskóla Íslands var eflt enn frekar með samstarfi um fræðanámskeið á meistarastigi og samvinnu um einkasýningar MA nemenda á fyrra ári í Kubbnum og samsýningarverkefni að vori. Tilkoma meistarnáms hefur styrkt samstarf deildarinnar við fagvettvang og listastofnanir innanlands sem og við myndlistarháskóla erlendis, bæði á vettvangi nemenda og kennaraskipta.

Unnið var áfram við rannsóknarverkefnið Íslensk samtímalistfræði en verkefnið fékk styrk frá Myndlistarsjóði upp á eina milljón til að undirbúa birtingar á vefnum.

Segja má að starf myndlistardeildar hafi einkennst af þröngum fjárhag og sé enn að glíma við afleiðingar niðurskurðar undanfarinna ára. Þrátt fyrir allt var starfið í myndlistardeild nokkuð blómlegt þar sem nemendum er boðið að velja á milli fjölbreyttra námskeiða og þátttöku í margvíslegum verkefnum á sviði listsköpunar og rannsókna. Ásókn nemenda í skiptinám hefur aukist aftur og er orðin áþekk því sem var fyrir 2008.

## Nemendur

Alls stunduðu 104 nemendur nám við myndlistardeild veturinn 2013–2014, 69 konur og 35 karlar. Fyrir skólaárið 2014–2015 bárust 82 gildar umsóknir um nám við deildina og 35 nemendur fengu inngöngu. Haustið 2013 stunduðu 104 nemendur nám við myndlistardeild, 69 konur og 35 karlmenn. Alls bárust 90 gildar umsóknir um BA nám við deildina og 30 nemendur fengu inngöngu. Einnig bárust 21 gild umsókn um MA nám og 8 nemendur fengu inngöngu.

Vorið 2014 útskrifaði myndlistardeild 22 nemendur á BA stigi, fjórtán konur og átta karla og 6 nemendur á MA stigi, fimm konur og einn karl.
Á haustönn 2014 stunduðu 105 nemendur nám við myndlistardeild, 67 konur og 38 karlar. Alls bárust 67 gildar umsóknir um BA nám við deildina og 28 nemendur fengu inngöngu. Einnig bárust 15 gildar umsóknir um MA nám og fengu 7 nemendur inngöngu.



## Starfsfólk

Kristján Steingrímur Jónsson deildarforseti var í leyfi vegna listamannalauna á vormisseri 2013 og fram á haust 2014. Hulda Stefánsdóttir var starfandi deildarforseti á meðan. Hekla Dögg Jónsdóttir prófessor var í fæðingarorlofi og svo listamannalaunum frá haustmisseri 2013 til janúar 2015, Sigurður Guðjónsson leysti hana af. Við deildina störfuðu 13 manns á skólaárinu 2013–2014: deildarforseti, tveir prófessorar, sex aðjúnktar og tveir aðjúnktar við afleysingar. Guðmundur Arnar Guðmundsson var ráðinn sem umsjónarmaður á vídeóver í stað Sigurðar Guðjónssonar. Erik Parr var ráðinn umsjónarmaður vídeóvers í stuttan tíma í stað Guðmundar Arnar Guðmundssonar. 81 stundakennari og gestir komu að kennslu og verkefnum af ýmsum toga.

Við deildina störfuðu 14 manns á haustönn 2014: deildarforseti, tveir prófessorar, sex aðjúnktar og þrír aðjúnktar við afleysingar. Hekla Dögg Jónsdóttir var í leyfi á skólaárinu. Sigurður Guðjónsson var ráðin aðjúnkt í stað Heklu. Guðmundur Arnar Guðmundsson og Þorbjörg Jónsdóttir voru ráðin til að deila með sér umsjón með vídeóveri í stað Sigurðar. Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir verkefnastjóri myndlistardeildar var í fæðingarorlofi og var Ásdís Spanó ráðin í hennar stað. 51 stundakennari og gestir komu að kennslu og verkefnum af ýmsum toga. Fastráðnir starfsmenn við myndlistardeild skólaárið 2013–2014 og haust 2014 voru:
Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti
Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor og fagstjóri BA náms
Hekla Dögg Jónsdóttir, prófessor og fagstjóri BA náms, í leyfi
Hulda Stefánsdóttir, prófessor og fagstjóri MA náms
Erling T.V. Klingenberg, aðjúnkt og fagstjóri BA náms
Sigurður Guðjónsson, aðjúnkt
Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri fræðigreina
Jóhannes Dagsson, aðjúnkt fræðigreina
Eric Wolf, umsjónarmaður ljósmyndavers
Guðmundur Arnar Guðmundsson og Þorbjörg Jónsdóttir, umsjón með vídeóveri
Gulleik Lövskar, umsjónarmaður á smíða- og mótunarverkstæði
Jóhann Torfason, umsjónarmaður á prentverkstæði
Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Ásdís Spanó, verkefnastjórar

## Stefnumótun og framtíðarsýn

Með tilkomu meistaranáms í myndlist skapast nýjir möguleikar til framhaldsnáms hér á landi, bæði fyrir innlenda og erlenda nemendur. Það styrkir til muna starfsemi deildarinnar, ekki síst faglega stöðu hennar innan háskólasamfélagsins hér á landi og erlendis. Samstarf verður auðveldara, sem eykur um leið fjölbreytni til náms og ekki síður rannsókna. Mikilvægt er að námið sé þróað áfram og að nemendum og kennurum sé búið gjöfult umhverfi þar sem hægt er að vinna að ólíkum verkefnum á sviði myndlistar.

Styrkja þarf nemendur og kennara til þátttöku í rannsóknartengdum verkefnum bæði á sviði listsköpunar og fræða. Það verður best gert í gegnum styrkjakerfi og með auknu fjármagni frá opinberum aðilum. Um leið þarf að auka svigrúm kennara til að stunda listsköpun og rannsóknir sem nýtast skólastarfinu. Það kallar á bætta vinnuaðstöðu fyrir lista- og fræðimenn deildarinnar svo þeir geti unnið innan skólans að verkefnum sínum og tengt þau með beinum hætti kennslu sinni.

Innan meistaranámsbrautar er nú unnið að því að fjölga möguleikum til náms. Bætt verður við MFA námsleið sem valkosti fyrir umsækjendur, en slíkt nám er verklegra en MA nám og mun vafalaust auka aðsókn að meistaranáminu. Í bígerð er að gefa umsækjendum kost á að sækja um nám með fjölbreyttari verkefni en verið hefur. Þannig verður opnað fyrir nemendur sem vilja leggja áherslu á fagumhverfi myndlistar ekki síður en listsköpunina sjálfa. Með þessu móti er deildin að leggja sitt að mörkum til að efla starfsumhverfi myndlistar, en fram hefur komið að töluvert skortir upp á að það sé nægjanlega sterkt fyrir starfandi myndlistarmenn hér á landi. Hluti af vandanum er skortur á vel menntuðu fagfólki.

Með tilkomu meistaranámsins var ljóst að endurskoða yrði BA námsbraut deildarinnar og stilla saman BA- og MA-stig. Nú þegar hefur skapast dýrmæt reynsla af MA náminu og því tímabært að fara í þessa vinnu. Skoða þarf bæði námsframboð og stjórnun námsbrautarinnar þannig að samræmi verði á milli skólastiga.

Kynna þarf MA námið betur sem valkost bæði fyrir núverandi BA nemendur skólans sem og nýlega útskrifaða nemendur með BA gráðu í myndlist frá myndlistardeild eða öðrum skólum.

Innan myndlistardeildar er unnið að stofnun Rannsóknarstofu í myndlist. Slíkur vettvangur mun auðvelda kennurum að tengja rannsóknarverkefni sín við kennslu og um leið samstarf um rannsóknartengt verkefni innan skóla og utan. Mikilvægt er að efla umræðu um starf myndlistarmanna og hvernig listsköpun og rannsóknir þeirra eru samtvinnuð og tengjast bæði verklegum og fræðilegum rannsóknum. Skilgreina verður rannsóknir í myndlist út frá sérstöðu fagsins og standa vörð um akademískt frelsi.

Hafinn er undirbúningur að útgáfu á rafrænu tímariti um myndlist á vegum deildarinnar. Birt verða viðtöl, umfjöllun og fræðigreinar um myndlist. Gert er ráð fyrir að tímaritið hefji göngu sína á haustmánuðum næsta skólaárs og komi út tvisvar á ári.





# SVIÐSLISTADEILD

Við deildina er kennt á þremur námsbrautum til bakkalárgráðu. Brautirnar eru samtímadansbraut, sviðshöfundabraut og leikarabraut. Tveir árgangar voru við nám á fyrsta og öðru námsári skólaárið 2013–2014.

## Nemendur

Í allt stunduðu 62 nemendur nám við deildina á skólaárinu 2012–2013.  Á leikarabraut voru 10 nemendur á fyrsta ári, sex konur og fjórir karlar og 11 nemendur á öðru ári sex konur og fimm karlar. Á sviðshöfundabraut voru 11 nemendur á fyrsta ári, sex konur og fimm karlar og 9 nemendur á öðru ári, sex konur og þrír karlar.  Í samtímadansi stunduðu 8 nemendur nám á fyrsta ári, sex konur og tveir karlar en á öðru ári voru 10 konur. Á þriðja ári voru þrír nemendur sem útskrifðust á vormisseri 2014; tveir nemendur af sviðshöfundabraut og einn af samtímadansbraut.

Átta erlendir skiptinemar voru við nám á skólaárinu, frá Austurríki, Bretlandi, Lettlandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Fimm erlendir gestanemendur heimsóttu deildina frá Finnlandi, Lettlandi, Litháen og Svíþjóð.

Fjórir nemendur sviðslistadeildar fóru í stutt nemendaskipti innan Norteas netsins, þrír til Danmerkur og einn til Eistlands. Einn nemi í samtímadansi sótti námskeið innan Dama netsins í Tallinn.
Níu nemendur sviðslistadeildar taka þátt í SUMIN í Viljandi í Eistlandi.

Fjórir nemendur af sviðshöfundabraut voru í starfsþjálfun á skólaárinu; einn við Leikfélag Akureyrar, einn hjá Þorleifi Erni Arnarssyni við Óperuhúsið í Augsburg, einn hjá Óskabörnum þjóðarinnar í Borgarleikhúsinu, einn við kvikmyndagerð í Túnis. Einn nemandi á samtímadansbraut var við starfsnám hjá Íslenska dansflokknum haustið 2013.

## Starfsfólk

Skólaárið 2013–2014 störfuðu 10 fastir starfsmenn við deildina: deildarforseti, einn prófessor, þrír lektorar, sem jafnframt fóru með fagstjórn í námsbrautum deildarinnar og fræðum, þrír aðjúnktar, einn píanómeðleikari og einn tæknistjóri. Stundakennarar voru 72, að auki komu 11 gestakennarar erlendis frá. Af stoðsviðum unnu þjónustufulltrúi og deildarfulltrúi við deildina. Ólöf Ingólfsdóttir, aðjúnkt í líkamsþjálfun lét af störfum vor 2013 og tók Steinunn Ketilsdóttir við líkamsþjálfun leikarabrautar. Kjartan Valdemarsson var ráðinn meðleikari við deildina haustið 2013. Þrír kennarar fóru utan í kennaraskipti, tveir til Viljandi í Eistlandi og einn til Fredrikstad í Noregi.

Starfsmenn deildarinnar voru 10 á skólaárinu 2013–2014 í 9 stöðugildum:
Björk Jónsdóttir, aðjúnkt í söng.
Egill Ingibergsson, tæknistjóri.
Magnús Þór Þorbergsson, lektor og fagstjóri fræða.
Kjartan Valdimarsson, meðleikari.
Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðjúnkt í rödd.
Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri leikarabrautar.
Steinunn Ketilsdóttir, aðjúnkt í samtímadansi og líkamsþjálfun.
Steinunn Knútsdóttir, deildarforseti.
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri samtímadansbrautar.
Una Þorleifsdóttir, lektor í sviðslistum og fagstjóri sviðshöfundabrautar.

## Stefnumótun og framtíðarsýn

Helstu stefnumál deildarinnar er stofnun meistaranáms í sviðslistum, rannsóknir og þekkingarsköpun í fagumhverfi sviðslista. Þegar þörfum deildarinnar um húsnæði fyrir starfsemi á bakkalárstigi hefur verið mætt með nýjum kennslurýmum við Austurstræti, sem tekin voru í notkun í janúar 2015, er helsta verkefni deildarinnar að byggja undir meistaranám í sviðslistum. Hugmyndir að nýrri námsbraut á meistarastigi hafa verið á teikniborðinu um nokkurt skeið og liggur nú fyrir að finna námsbrautinni aðstöðu. Vonir standa til þess að meistaranám í sviðslistum geti hafist haust 2017. Önnur helstu verkefni eru að styrkja kennarahóp deildarinnar með markvissum hætti og um leið að efla samstarf deildarinnar við fagumhverfi sviðslista hérlendis og erlendis. Ný sviðslistahátíð nemenda deildarinnar verður haldin í fyrsta sinn í júní 2015. Hátíðin verður vettvangur nemenda þvert á brautir deildarinnar til að kynna verk sín og fá þjálfun í rekstri og skipulagningu menningarstarfsemi.



# TÓNLISTARDEILD

Meginhlutverk tónlistardeildar er að mennta tónlistarfólk fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli.
Í tónlistardeild er boðið upp á þrjár námsleiðir:

- 180 eininga bakkalárgráðu á fimm námsbrautum sem leiða til BA eða BMus gráðu
- 120 eininga meistaragráðu á tveimur námsbrautum sem leiða til MA eða MMus gráðu
- 60 eininga diplómagráðu fyrir hljóðfæranemendur sem enn stunda nám í framhaldsskóla

Í bakkalárnámi, sem er þriggja ára nám, er boðið upp á eftirtaldar brautir:

- Hljóðfæraleik og söng, BMus
- Tónsmíðar, BA
- Hljóðfærakennslu, BA
- Skapandi tónlistarmiðlun, BA
- Kirkjutónlist, BA

Námið í kirkjutónlist er samstarfsverkefni Tónskóla Þjóðkirkjunnar og tónlistardeildar listaháskólans.
Í tveggja ára meistaranámi er boðið upp á eftirtaldar brautir:

- Tónsmíðar, MA/MMus
- Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP), MA

NAIP er samstarfsverkefni fjögurra tónlistarháskóla í Hollandi, Svíþjóð og Íslandi.

Nemendur listkennsludeildar tóku virkan þátt í Barna- menningarhátíð 2014 með fjölbreyttu móti. Nemendur í Kennslufræði sjónlista og tónlistar unnu að samstarfsverkefni við Laugarnesskóla og Grasagarðinn og nemendur úr kennslufræði leiklistar skipulögðu og leiddu námskeið fyrir börn og fjölskyldur á hátíðinni sviðslistahátíð ASSITEJ.

### Lesblinda og dans

Peter Anderson dansari hélt opinn fyrirlestur um lesblindu og dans.

## Haust 2014

### Rhona Matheson

Opinn fyrirlestur.

### Rannsóknarstofa í listkennslufræðum

Opinn stofnfundur.

### Krakkaþing

Nemendur listkennsludeildar stóðu að Krakkaþingi um list- og verkgreinar í samvinnu við nemendur í Laugalækjaskóla. Birta Ísólfsdóttir, Hildigunnur Jónsdóttir og Sjöfn Óskarsdóttir, nemendur í listkennsludeild stóðu fyrir þinginu og tóku alls 19 krakkar úr 7. - 10. bekk þátt. Á þinginu fengu nemendur tækifæri til að tjá hug sinn um list- og verkgreinar og hugsa til framtíðar varðandi starfsval.

### Tenging Norður (Relate North)

Nemendur og kennarar listkennsludeildar sóttu ráðstefnu, sýningu og vinnustofu í Sámi University í Kautokeino í norður Noregi vikuna 1.–8. nóvember. Ásthildur B. Jónsdóttir, lektor listkennsludeildar, flutti erindi um samstarfsverkefni deildarinnar við Grasagarðinn, Laugarnesskóla og Barnamenningahátíð. Í tengslum við ráðstefnuna tóku nemendur frá fjórum háskólum þátt í vinnusmiðjunni *Teach Me Something*. Nemendur komu frá Sámi University, Lapland University, Nesna University Collage og Listaháskóla Íslands.

### List og frumkvöðlamennt

Örnámskeið í listkennsludeild á vegum Karlbak og KreaNord um frumkvöðlastarf í listkennslu á Norðurlöndunum.

## SAMSTARFSVERKEFNI

- Samstarfssamningur við Menntavísindasvið HÍ um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum
- Samstarfssamningur við Grasagarðinn í Reykjavík
- Samstarfssamningur við Barnamenningahátíð
- Samstarfssamningur við ASSITEJ
- Evrópusamstarf um símenntun listamanna (ENCEPA)
- Lifelong Learning in Music and the Arts
- University of Arctic Thematic Network
- Arctic Sustainable Arts and Design (ASAD)
- ActCHEN – Research Network

## OPNIR FYRIRLESTRAR

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna erindi um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna margþætt álitaefni úr heimi lista og samtímamenningar og hvetja til umræðu um þau. Fyrirlestrarnir eru mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna. Alls voru 12 fyrirlestrar haldnir á skólaárinu 2013-2014.

### Haust 2013

Didier Semin, Elín Hansdóttir, Jacob Lillemose, Kviss Búmm Bang, Ólafur Gíslason, Sigurður Guðmundsson.

### Vor 2014

Bret Battey, Gjörningaklúbburinn, Magnús Sigurðarson, Mariella Mosler, Michael Biggs, Steina Vasulka.

### Haust 2014

Etienne Delpart, Katrín Inga Hjördísardóttir Jónsdóttir, Erla S. Haraldsdóttir, Nana Petzet, Monika Frykova, Lisa Tan.

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

### Haust 2013

#### Listbasar myndlistarnema

BA nemendur á 3. ári stóðu fyrir Listbasar í Klobbanum, nemendagalleríi í Laugarnesi. Basarinn var haldinn í tilefni af Opnum degi Listaháskólans.

#### Útigangur

BA nemendur á öðru ári á námskeiðinu *Rými – vinnustofa* í umsjón Ólafs Sveins Gíslasonar, prófessors í myndlistardeild opnuðu sýninguna *Útigangur* í gömlu heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, Hostel B47.

#### Innrými - tímatengdir miðlar í Nýlistasafninu

Tíu nemendur sýndu afrakstur 15 vikna námskeiðs um tímatengda miðla. Á námskeiðinu var unnið með kvikmyndatækni, gjörninga, hljóð- og myndbandsverk og allt sem talist getur til tímatengdra miðla.

Sigurður Guðjónsson leiddi námskeiðið en Sigrún Hrólfsdóttir, Jesper Pedersen, Guðmundur Arnar Guðmundsson, Kristján Leósson, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Eric Richard Wolf, Hekla Dögg Jónsdóttir, Stacey Koosel og Gunnhildur Hauksdóttir komu einnig að kennslunni.

#### Einkasýningar 3. árs nema í myndlist

Nemendur á 3. ári voru með einkasýningar undir leiðsögn Sigurðar Guðjónssonar. Kennarar voru Unnar Örn Auðarson Jónsson og Sara Björnsdóttir - Samtals 23 sýningar.

Andreas Jari Juhani Toriseva - Hótel Kaffistofa, Logi Leó Gunnarsson - Gallerí Slím (Miðstöð æðri listmenntunar), Guðrún Tara Sveinsdóttir - Gallerí Slím, Stefán Óli Baldursson - Lísa, Freyja Eilíf Logadóttir - Hótel Kaffistofa, Helena Aðalsteinsdóttir - Gallerí Slím, Karl Torsten Stallborn - Lísa, Katrína Mogensen - Hótel Kaffistofa, Sigrún Hlín Sigurðardóttir - Gallerí Slím, Arngrímur Jón Sigurðsson - Lísa, Guðrún Heiður Ísaksdóttir - Hótel Kaffistofa, Una Björg Magnúsdóttir - Gallerí Slím, Brynjar Helgason - Lísa, Hanna Kristín Birgisdóttir - Hótel Kaffistofa, Ívar Glói Gunnarsson - Gallerí Slím, Heiða Björg Valbjörnsdóttir - Lísa, Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir - Hótel Kaffistofa, Nína Óskarsdóttir - Gallerí Slím, Dagbjört Gunnarsdóttir - Skúrinn, Þröstur Valgarðsson - Lísa, Steinunn Lukka Sigurðardóttir - Hótel Kaffistofa, Óskar Kristinn Vignisson - Bíó Paradís, Grétar Mar Sigurðsson - Hótel Kaffistofa.

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

### Vor 2014

#### Þarf það að vera skriflegt?

Tíu BA nemendur á 1. og 2. ári unnu að textaverkum undir leiðsögn myndlistarmannanna Hlyns Hallssonar og Jónu Hlífar Halldórsdóttur.

Nemendur sem sýndu verk sín í málarasal myndlistardeildar voru: Berglind Erna Tryggvadóttir, Brynjúlfur Þorsteinsson, Daníel Perez Eðvarðsson, Egill Logi Jónasson, Freydís Eva Garðarsdóttir, Gylfi Freeland Sigurðsson, Katrín Helena Jónsdóttir, Mina Tomic, Salvör Sólnes og Steinunn Harðardóttir.

#### Innsýn – insights

Innsýn er opið málþing meistaranema í myndlist og hönnun. Meistaranemarnir héldu stutt erindi í fyrirlestrarsal myndlistardeildar um rannsóknarverkefni sín en flestir þeirra hófu nám við Listaháskólann haustið 2013. Kynnt voru verkefni sem enn voru í vinnslu og gafst því færi á að fá innsýn í vinnuferli meistaranemanna, rannsóknir þeirra og listsköpun.

#### Kynning útskriftarverkefna BA myndlistarnema

Nemendur úr BA námi í myndlist kynntu verk sín sem þeir hugðust sýna á útskriftarsýningu Listaháskólans í Hafnarhúsinu 26. apríl.

#### Víddir málverksins

BA nemendur á 1. og 2. ári sýndu afrakstur vinnu sinnar í námskeiðinu *Víddir málverksins* í Kubbnum, sýningarsal myndlistardeildar. Verkin unnu nemendur undir leiðsögn Einars Garibalda Eiríkssonar.

#### Gömul saga og ný – skúlptúr og rými

BA nemendur á 1. og 2. ári í námskeiðinu *Gömul saga og ný - skúlptúr og rými* sýndu afrakstur vinnu sinnar á sýningu í gamla „Marshall-húsinu" út á Granda. Verkin voru unnin undir leiðsögn Ólafar Nordal og Unndórs Egils Jónssonar.

#### Fjarvera nærveru / Absence of a presence

Myndlistardeild Listaháskóla Íslands, í samstarfi við meistaranema úr listfræðideild Háskóla Íslands stóðu fyrir sýningunni *Fjarvera nærveru*, samstarfsverkefni þar sem meistaranemar í myndlist og meistaranemar í listfræði leiddu saman hesta sína. Sýnt var í Lækaminjasafninu á Seltjarnarnesi.

Meistaranemar í myndlist: Carmel Seymour, Jan Stefan Lebar, Jonathan Boutefeu, Katrín Eyjólfsdóttir, Linn Björklund, Solveig Stjarna Thoroddsen, Thora Gerstner, Tobias Kiel Lauesen, Unnur Óttarsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir.

Meistaranemar í listfræði: : Aldís Snorradóttir, Ástríður Magnúsdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir, Helga Arnbjörg Pálsdóttir og Margrét Birna Sveinsdóttir.





#### Umbreyting Einars

Listviðburður þar sem ungir listamenn lögðu garð Listasafns Einars Jónssonar undir sig með fjölbreyttri sýningu gjörninga, höggmynda, innsetninga og tónlistar. Listviðburðurinn var samstarfsverkefni nemenda úr myndlist í Listaháskóla Íslands og listfræði í Háskóla Íslands í námskeiðinu Sýningagerð og sýningastjórnun undir leiðsögn Aðalheiðar Lilju Guðmundsdóttur og Jóns Proppé.

#### Michel Butor og vinir hans / Bókverkablót

Samstarfssýningar á bókverkum. Önnur nefndist *Michel Butor og vinir hans* og var sýning á bókverkum Michels Butor og tólf listamanna. Hin, *Bókverkablót*, var sýning á bókverkum eftir nemendur í myndlist við Listaháskóla Íslands sem sett var upp í anddyri Þjóðarbókhlöðu.

Sýningarverkefnið er samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Franska sendiráðsins, Alliance française og Listahátíðar í Reykjavík.

#### Listamanna- og hönnunarspjall MA nema

Útskriftarnemendur í alþjóðlegu MA námi í myndlist og hönnun voru með kynningar á verkum sínum í Gerðarsafni, Kópavogi.

Nemendur sem voru með kynningu voru: Björg Vilhjálmsdóttir, Halldór Ragnarsson, Ásgeir Matthíasson, Ragnar Már Nikulásson, Gréta Guðmundsdóttir, Katla Rós Völu- og Gunnarsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Pia Antonsen Rognes, Rán Jónsdóttir, Kristín Helga Káradóttir.

#### Veldi í Skaftafelli

Nemendur á lokaári úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands opnuðu samsýninguna Veldi í Skaftfelli á Seyðisfirði. Sýningin er afrakstur tveggja vikna námskeiðs undir leiðsögn Björns Roths og Kristjáns Steingríms í samstarfi við Dieter Roth Akademíuna, Skaftfell - myndlistarmiðstöð Austurlands og Tækniminjasafn Austurlands.

#### Kveikjuþræðir – Sýningarröð meistaranema

Kveikjuþræðir nefndist röð einkasýninga meistaranema í myndlist sem haldnar voru í Kubbnum á vorönn 2014. Sýningarnar voru af ólíkum toga en áttu það sammerkt að vera eins konar kveikjuþræðir og nánari útfærslur af hugmyndum og vinnuferli nemendanna.  Í tengslum við hverja sýningu var gefin út sýningarskrá með texta. Umsjón með sýningarröðinni hafði Hulda Stefánsdóttir prófessor og fagstjóri meistaranáms.

- 14.-21. febrúar: Solveig Thoroddsen
- 21.-28. febrúar: Katrín Eyjólfsdóttir
- 07.-14. mars: Carmel Seymour, Þórdís Jóhannesdóttir
- 14.-21. mars: Linn Björklund
- 21.-28. mars: Jonathan Boutefeu
- 11.-18. apríl: Jan Stefan Leber, Thora Gerstner, Tobias Kiel Lauesen
- 25. apríl -2. maí: Unnur Óttarsdóttir

#### Útskriftarsýning BA nemenda

Eins og undafarin ár voru myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur um framkvæmd útskriftarsýningar sem fór fram í Hafnarhúsi dagana 26. apríl – 11. maí 2014. Nemendur myndlistardeildar sem tóku þátt í sýningunni að þessu sinni voru 22.

#### Útskriftarsýning MA nemenda í hönnun og myndlist

Fyrsta útskriftarsýning meistaranema í hönnun og myndlist var haldin í Gerðarsafni í Kópavogi, dagana 12. apríl - 11. maí. Á sýningunni mátti sjá afrakstur tveggja ára háskólanáms á meistarastigi þar sem hönnuðir og myndlistarmenn fengu tækifæri til að efla þekkingu og þróa rannsóknir sínar á viðkomandi fagsviðum. Tíu nemendur tóku þátt í sýningunni; þrír í hönnun og sjö í myndlist.

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

### Haust 2014

#### Brosið: kunngjörningar og kortlagningar

Katrín Helena Jónsdóttir, myndlistarnemi og Marteinn Sindri Jónsson, heimspekinemi opnuðu sýninguna *Brosið: Kunngjörningar og kortlagningar* í Kubbnum. Sýningin var afrakstur rannsóknarverkefnis á mörkum heimspeki og myndlistar sem hefur brosið sem fyrirbæri mannlegrar tjáningar að viðfangsefni sínu. Umsjónarmenn rannsóknarverkefnisins voru þau Aðalheiður Guðmundsdóttir, fagstjóri í listfræði og Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor ásamt Sigríði Þorgeirsdóttur, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.

#### Sigurður

Einkasýning Soffíu Jóhannsdóttur SIGURÐUR var í Kubbnum, sýningarsal myndlistardeildar. Tveir gjörningar voru fluttir á sýningartímanum.

#### Noisefields

Vasulka-stofa, í samstarfi við Listasafn Íslands og Listaháskóla Íslands, setti upp verkið *Noisefields (1974)* eftir listamennina Steinu og Woody Vasulka í Kubbnum, sýningasal myndlistardeildar Listaháskóla Íslands í Laugarnesi.

#### Soð í boði: opnun í Skaftfelli

Nemendur á lokaári úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands opnuðu samsýninguna SOÐ í Skaftfelli á Seyðisfirði. Sýningin er afrakstur tveggja vikna námskeiðs undir leiðsögn Björns Roths og Kristjáns Steingríms í samstarfi við Dieter Roth Akademíuna, Skaftfell - myndlistarmiðstöð Austurlands og Tækniminjasafn Austurlands.

#### Aðlögun: samsýning nemenda myndlistardeildar

Sýningin var afrakstur af námskeiðinu Rými/ vinnustofa og voru unnin verk á vettvangi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins undir handleiðslu Ólafs S. Gíslasonar.

Sýnendur voru: Árni Jónsson, Geirþrúður Einarsdóttir, Harpa Finnsdóttir, Helen Svava Helgadóttir, Lísbet Guðný Þórarinsdóttir, Mina Tomic, Ottó Ólafur Ottósson, Rúnar Örn Marinósson, Steinunn Harðardóttir og Una Kristín Jónsdóttir.

#### Kvikmyndasýning nemenda

Sjö nemendur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sýndu verk í Bíó Paradís, laugardaginn 13. desember. Sýning var afrakstur af 5 vikna námskeiðs um tilraunakennda kvikmyndagerð. Námskeiðið var kennt

af Þorbjörgu Jónsdóttur og var Sigurður Guðjónsson umsjónarmaður námskeiðsins.

Nemendur sem sýndu verk sín voru; Berglind Erna Tryggvadóttir, Daníel Perez Eðvarðsson, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Gísli Hrafn Magnússon, Katrín Helena Jónsdóttir, Kristín Helga Ríkharðsdóttir og Óskar Gísli Petzet.

## KAFFISTOFAN, NEMENDAGALLAERÍ

Nemendafélag myndlistardeildar rak gallerí að Hverfisgötu 42. Nemendur sáu sjálfir um að skipuleggja þar sýningar og viðburði. Haldinn var fjöldi sýninga allt skólaárið.

### Haust 2013

#### Listabasar myndlistarnema

Myndlistarnemar héldu svokallaðan skólagjaldamarkað á Hótel Kaffistofu, Hverfisgötu 42B í því skyni að fjármagna skólagjöldin sín.

#### Dýr að borða skyndibita

Á sýningunni rannsakaði Nína Óskarsdóttir matarmenningu dýra í fjölskylduvænu umhverfi sem veldur ekki vonbrigðum hjá yngstu kynslóðinni. Sýnt í Klobbanum.

#### Viðbót

Nemar á öðru ári í myndlistadeild opnuðu samsýninguna Viðbót á Kaffistofunni, nemendagallerí myndlistardeildar á Hverfisgötu. Nemendurnir unnu að sameiginlegri innsetningu innan ákveðins ramma.

#### Björg - hugleið

Heiða Björg nemandi í myndlist opnaði einkasýningu sína Hugleið í Klobbanum, sýningarrými 3. árs nema í myndlist. Hún sýndi innsetningu og var með gjörning.

#### Youlikeit

Þátttakendur í sýningunni, sem fór fram í Kaffistofunni, voru nemendur á fyrsta ári í myndlist, þau Óskar Petzet, Mina Tomic og Daníel Perez. Á sýningunni var sýnt eitt stórt verk sem unnið var í sameiningu.

#### Drawing +

Andeas Toriseva bauð áhorfandanum viðkvæma áferð þar sem áræðni handarinnar samtvinnast alvörugefni hugans. Stórar teikningar og smáir skúlptúrar mynduðu heild á sýningu sem fjallaði um lífið, eilífðina, umbreytingar og fegurðin í blæbrigðum gráa litarins. Sýnt í Kaffistofunni.

### Vor 2014

#### Skýrslur og skráningar

Myndlistarsýningin Skýrslur og skráningar var í nemendagalleríinu Kaffistofunni. Þar sýndu Myrra Leifsdóttir og Ásgrímur Þórhallsson teikningar, skráningar og skúlptúra. Myrra Leifsdóttir var á öðru ári á BA stigi í myndlist í LHÍ en Ásgrímur útskrifaðist vorið 2012 úr sama námi.

#### Finissage: a screening

#### Let them hear it, smell it, eat it

Ylva Frick, nemandi á 2. ári í myndlist opnaði einkasýningu sína Let them hear it, smell it, eat it.

#### If you give me some time

Rafaël Elders og Tamara Vlková, skiptinemar í myndlistardeild, sýndu verk sín á Kaffistofunni. Á sýningunni veltu þau Tamara og Rafaël upp spurningum um innhverfu (e. introversion). Hvernig lítur hversdagsleikinn út hjá „innhverfum" einstaklingum og hvernig tekur maður ákvarðanir er varða persónulegan tíma og rými.

### Haust 2014

#### Tilfinningaleg frystikista

Kaffistofan, nemendagallerí

#### Summer lovin

Myndlistarsýning í nemendagalleríinu Kaffistofan þar sem 19 nemendur sýndu verk sín.

#### Summer start up market II

Kaffistofan, nemendagallerí

#### Af jörðinni / of the earth

Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, nemandi í myndlistardeild opnaði einkasýningu á Hótel Kaffistofu.

## RANNSÓKNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Stór hluti náms við Listaháskólann byggir á þátttöku í listrænu starfi og hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig einkaaðila, stofnanir og fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólastarfinu.

Myndlistardeild leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla og stofnanir. Þar er fyrst og fremst um að ræða samstarf um ákveðin námskeið en einnig samvinnu á breiðari grundvelli.

#### Samstarfsaðilar myndlistardeildar skólaárið 2013- 2014 og haust 2014

Háskóli Íslands, Listahátíð í Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Sendiráð Bandaríkjanna, Sendiráð Frakklands, Nýlistasafnið, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Menningarmiðstöðin Skaftfell, Listasafn Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Háskóli Íslands, Listfræðafélag Íslands, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Kling og Bang Gallerí, Dieter Roth Akademían, Íslenska málstöð, Tækniminjasafn Austurlands, Sequences myndlistarhátíð, Gallerí i8 o.fl.

#### VINNUSTOFAN SEYÐISFJÖRÐUR

Samstarfsverkefni með menningarmiðstöðinni Skaftfell á Seyðisfirði, Dieter Roth akademíunni og Tækniminjasafni Austurlands. Nemendur á 3. ári dvelja á Seyðisfirði í u.þ.b. þrjár vikur þar sem þau taka þátt í vinnustofu. Lögð er áhersla á að nemendur geti nýtt sér þær sérstöðu sem bærinn og umhverfi hans býður upp á. Vinnustofunni lýkur með opinberri sýningu á verkum nemenda í menningarmiðstöðinni Skaftfelli. Verkefnið hefur verið haldið árlega síðastliðin 12 ár. Í ár fór vinnustofan fram 16. febrúar – 13. mars 2014 og haust 2014 var farið 20. október - 2. nóvember undir leiðsögn Björns Roth og Kristjáns Steingríms Jónssonar.

#### Umræðuþræðir

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sem hófst árið 2011. Markmið verkefnisins er að skapa vettvang hérlendis





fyrir alþjóðleg tengsl og umræður með erlendum gestum út frá fyrirlestrum, kynningum á listamönnum og kennslu við myndlistardeild. Gestirnir eru virtir sýningarstjórar, fræði- og listamenn sem eiga merkan feril að baki á alþjóðlegum vettvangi. Aðalstyrktaraðili Umræðuþráða skólaárið 2013-2014 var Bandaríska sendiráðið á Íslandi ásamt stuðningi frá Franska sendiráðinu á Íslandi, Goethe Institute og þýska sendiráðinu.

#### Gestir umræðuþráða haustið 2013:

Ekki voru gestir á vegum Umræðuþráða haustið 2013

#### Gestir umræðuþráða vorið 2014:

Dieter Daniels, prófessor við listaakademíuna í Leipzig. Heike Munder, safnstjóri Migros Museum für Gegenwartskunst Zürich og Nicolaus Schafhausen, safnstjóri Kunsthalle Wien í Austurríki.

#### Gestir umræðuþráða haust 2014:

Ekki voru gestir á vegum Umræðuþráða haustið 2013

#### Íslensk samtímalistfræði

Íslensk samtímalistfræði er langtímarannsóknarverkefni þar sem unnið er að söfnun, skráningu og greiningu íslenskra skrifa um myndlist frá síðustu áratugum. Markmiðið er að búa til heildaryfirlit yfir sviðið, greina orðræðuna og fræðilegt samhengi hennar, opna aðgang að leit í gagnagrunni, og undirbúa útgáfu á vandlega rýndum ritsöfnum með inngangstextum sem gera grein fyrir þróun og samhengi textanna. Að verkefninu hafa komið bæði fræðimenn og nemendur frá Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands en auk háskólanna standa Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið og Listfræðafélagið sameiginlega að verkefninu. Umsjónarmenn verkefnisins eru Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, fagstjóri fræðigreina við myndlistardeild og Jón Proppé, listheimspekingur.

Á vormánuðum 2014 hlaut verkefnið í fjórða sinn styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, fyrir 6 mannmánuði fyrir tvo nemendur.

#### Orðasafn um myndlist

Samstarf milli deilda í BA og MA námi hefur farið vaxandi og byggist á margþættri starfsemi ólíkra listgreina. Fyrst og fremst er þar um að ræða ýmis konar fræðanámskeið.

Fjölmörg verkefni og viðburðir innan skólans krefjast samvinnu nemenda og kennara þvert yfir listgreinar og deildir.

## SAMSTARF MILLI DEILDA SKÓLANS

#### Samtal

Samtal er tveggja vikna samfellt þverfaglegt námskeið fyrir nemendur 2. árs á bakkalárstigi í öllum deildum sem haldið er árlega við upphaf vorannar. Námskeiðið hefur að markmið að efla samstarf deildanna og tengja nemendur skólans betur saman.

#### Raflosti

Raflosti er þverfaglegt námskeið haldið í tengslum við alþjóðlegu raflistahátíðina, Raflost, sem haldin er árlega af Raflistafélagi Íslands í samvinnu við við myndlistar- og tónlistardeild listaháskólans og erlenda listaháskóla. Íslenskir og erlendir nemendur taka þátt í verkefnum og sýningu. Verkefnið er styrkt af Norplus, menntaáætlun Norrænu Ráðherranefndarinnar. Umsjón með námskeiðinu vorið 2014 höfðu Jesper Pedersen og Ríkharður H. Friðriksson.

#### Kennaraskipti

Myndlistardeild tekur þátt í kennaraskiptum milli skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum og víðar í Evrópu í gegnum samstarfsnet KUNO og Erasmus / Sókrates menntaáætlunina. Þá á deildin þess kost að sækja gestakennara frá Bandaríkjunum í gegnum styrktarkerfi Fulbright.

## Haust 2013

### SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

10 sýningar og verkefni voru kynnt opinberlega undir hatti Nemendaleikhúss sviðslistadeildar 2013–2014:

**Hugsun - texti - athöfn**

Nemendur annars árs sviðshöfundabrautar kynna eigin sviðstexta í nokkurs konar tilraunastofu. Kennari Hlín Agnarsdóttir.

**Óhefðbundin leikrými**

Nemendur á öðru ári sviðshöfunda- og samtímadansbrautar sýna verk víða um Reykjavíkurborg.

Kennarar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Vala Ómarsdóttir.

**Grikkir**

Nemendur á öðru ári leikarabrautar sýna brot úr harmleikjum forngrikkja.

Kennarar: Rúnars Guðbrandssonar og Snæbjörg Sigurgeirsdóttir.

## Vor 2014

**Bliss**

Mars 2014 – Útskriftarverkefni Árna Ísaks Rynell af sviðshöfundabraut.

**Einleikur**

Nemendur annars árs leikarabrautar sýna stutta einleiki.

Kennari: Stefán Jónsson

Danssmíði Tony Vezich

Nemendur á öðru ári samtímadansbrautar sýna verk í vinnslu eftir danshöfundinn Tony Vezich.

**Einstaklingsverkefni Sviðshöfunda**

Kennarar: Una Þorleifsdóttir og Guðmundur Ingi Þorvaldsson.

**Dansmyndir**

Nemendur á öðru ári samtímadansbrautar sýna dansmyndir í Bíó Paradís.

Kennarar: Helena Jónsdóttir og Hálfdán Theódórsson.

**Sviðsetning III**

Nemendur á öðru ári sviðshöfundabrautar sýna verk sín í Gamla bíói.

Kennari: Rebekka Ingimundardóttir.

**Shakespeare**

Nemendur á öðru ári leikarabrautar sýna brot úr verkum Shakespeare.

Kennarar: Stefán Jónssson, Ragnheiður Skúladóttir og Snæbjörg Sigurgeirsdóttir.

**„Atsjú“**

Framlag sviðslistadeildar LHÍ á leiklistarhátíðinni SUMIN í Viljandi í Eistlandi. Nemendur af öllum brautum deildarinnar auk erlendra gestanemenda.

Leiðsögn Helga Arnalds.

### SAMSTARF

**Lokal og RDF**

Nemendur deildarinnar tóku þátt í alþjóðlegu leiklistar-hátíðinni Lókal og Reykjavík Dance Festival sem fram fóru í ágúst 2013. Listamenn hátíðanna héldu kynningar á sýningum og vinnuaðferðum sínum og héldu örnámskeið fyrir nemendur deildarinnar.

**Útvarp sem skapandi miðill**

Deildin var í samstarfi við þáttinn Víðsjá á RÚV um námskeið í þáttagerð fyrir útvarp. Innslög nemenda voru flutt í Víðsjá.

**Leiklestrar í Smiðjunni**

Nemendur leikarabrautar unnu sviðsetta leiklestra á verkum meistarnema ritlistar í HÍ í Þjóðleikhúsinu.

**Jafnréttisdagar HÍ**

Nemendur LHÍ og kynjafræði HÍ unnu verkefni fyrir Jafnréttisdaga HÍ undir stjórn Kviss Búmm Bang.

**Málþing um menntun í sviðslistum**

Reykjavík Dance Festival, Lókal alþjóðleg leiklistarhátíð, Leiklistarsamband Íslands og LHÍ stóðu fyrir málþingi um nám á háskólastigi í sviðslistum í húsakynnum sviðslistadeildar.

### ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Norteas, samstarfsnet leiklistarskóla á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum, stóð fyrir barnaleikhúsverkefni sem spannaði skólaárið 2013-2014. LHÍ bauð uppá námskeið með þátttöku erlendra gestanemenda og sendi nemendur á námskeið um Norðurlönd og Eystrasaltslöndin. Kennarar og nemendur sviðslistadeildar tóku þátt uppskeruhátíð verkefnisins SUMIN barnaleikhús hátíð í Viljandi í Estlandi.

Dansbrautin er hluti af norrænu samstarfsnetunum DAMA og EMD, sem eru virk net sem sérhæfa sig í tengslum dansins við aðrar listgreinar.

Sviðslistadeild var hluti af evrópska netinu E:UTSA 2011–2014 en deildarforseti sótti aðalfund samtakanna og evrópska leiklistarskólahátíð sem haldin var í tengslum við hann í Brno í Tékklandi.

## Haust 2014

### SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Sýningar kynntar undir hatti Nemendaleikhússins haust 2014:

**Þrjár systur**

Nemendur þriðja árs á leikarabraut sýna afrakstur fimm vikna námskeiðs þar sem unnið var með verk Anton Chekovs.

Kennari: Hilmar Jónsson.

**Hugsun- texti - athöfn**

Leiklestrar á verkum annars árs sviðshöfundanema í Smiðjunni.

Kennari: Hlín Agnarsdóttir.



SVIÐSLISTADEILD

**Karens World**

Kynning á devised verki þriðja árs nemenda sviðshöfundabrautar í Dómhúsi Þjóðleikhússins.

Kennari: Karl Ágúst Þorbergsson.

**Stóraland**

Kynning á devised verki þriðja árs nemenda leikarabrautar í Smiðjunni.

Kennari: Una Þorleifsdóttir.

**Óhefðbundin leikrými dansara og sviðshöfunda**

Nemendur á öðru ári sviðshöfundabrautar og samtímadansbrautar sýna verk sín í Óhefðbundnum leikrýmum víða um borgina.

Kennarar: Sevinbjörg Þórahllsdóttir og Vala Ómarsdóttir.

**Einstaklingsverkefni Sviðshöfunda**

Nemendur á þriðja ári sviðshöfundabrautar kynna afrakstur fimm vikna vinnu sinnar að einstaklingsverkefnum.

Kennarar: Ólafur Egill Egilsson og Steinunn Knútsdóttir.

**Clown Oddity**

Nemendur þriðja árs á leikarabraut sýna afrakstur þriggja vikna námskeiðs í trúðtækni. Dómhús Þjóðleikhússins.

Kennari: Rafael Bianciotto.

**Deleríum Búbónis**

Lokatónleikar þriðja árs nemenda á leikarabraut í söng í Smiðjunni. Samstarf við tónlistardeild LHÍ.

Kennari: Björk Jónsdóttir.

### SAMSTARF

**Lokal og RDF**

Nemendur deildarinnar tóku þátt í alþjóðlegu leiklistar-hátíðinni Lókal og Reykjavík Dance Festival sem fram fóru í ágúst 2014. Listamenn hátíðanna héldu kynningar á sýningum og vinnuaðferðum sínum og héldu örnámskeið fyrir nemendur deildarinnar auk þess sem hátíðarnar tóku þátt í málþingi sem haldið var um menntun í sviðslistum.

**Útvarp sem skapandi miðill**

Deildin var í samstarfi við þáttinn Víðsjá á RÚV um námskeið í þáttagerð fyrir útvarp. Innslög nemenda voru flutt í Víðsjá.

**Leiklestrar í Kúlunni**

Nemendur leikarabrautar unnu sviðsetta leiklestra á verkum meistarnema ritlistar í HÍ í Þjóðleikhúsinu.

**Jafnréttisdagar HÍ**

Nemendur LHÍ og kynjafræði HÍ unnu verkefni fyrir Jafnréttisdaga HÍ undir stjórn Tyrfings Tyrfingssonar.

## TÓNLEIKAR OG VIÐBURÐIR

## Skólaárið 2013–2014

Tónleikar eru fyrirferðamestu viðburðir deildarinnar, þar sem þeir eru stór hlut af námsmati nemendanna. Aðrir viðburðir voru masterklassar og hádegisfyrirlestrar.

### Tónleikar að hausti

Tónleikarnir að hausti fóru fram í Þjóðmenningarhúsinu, Langholtskirkju og í Sölvhóli og voru þeir allir hljóðritaðir. Tónleikar nemenda í hljóðfæraleik og söng urðu 9 talsins auk fjölda minni hádegistónleika. Í desember voru einnig haldnir einir útskriftartónleikar í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Tónsmíðanemar héldu áfram uppteknum hætti og stóðu fyrir tónleikahátíðinni Ómkvörninni sem stóð yfir í tvo daga í Kaldalóni í Hörpu. Samkvæmt hefðinni eru verk tónsmíðanema flutt í janúar, þótt þeim sé skilað inn til námsmats í desember til að hljóðfæranemendur fái svigrúm til að æfa verkin. Fjöldi kammerhópa störfuðu við deildina á skólaárinu.

### Útskriftarviðburðir

Stærstu viðburðir deildarinnar eru útskriftartónleikarnir og aðrir útskriftarviðburðir. Að þessu sinni urðu útskriftartónleikarnir 17 talsins auk átta útskriftarviðburða hjá nemendum í skapandi tónlistarmiðlun og meistaranemum úr sköpun miðlun og frumkvöðlastarfi. 11 þessara viðburða fóru fram í Salnum í Kopavogi.

### Tónleikar á vori

Almennir vortónleikar nemenda í hljóðfæraleik og söng urðu sjö talsins auk tónleikahátíðarinnar Ómkvarnarinnar sem tónsmíðanemendur héldu í fjórða sinn í Hörpu með alls fernum tónleikum.

### Ungir einleikarar

Einleikarakeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fór fram 29. september 2013 í Sölvhóli, tónleikasal Listaháskólans. Alls tóku 14 nemendur þátt í keppninni að þessu sinni en dómnefnd valdi fjóra sigurvegara til að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikum þann 16. janúar 2014. Það voru Baldvin Ingvar Tryggvason, klarinettunemandi í LHÍ, Björg Brjánsdóttir, flautunemandi, Rannveig Marta Sarc, fiðlunemandi og Sölvi Kolbeinsson, saxófónemandi.

### Masterklassar

Viðamikill þáttur í starfi deildarinnar eru masterklassarnir. Masterklassar hljóðfæra og söngs eru opnir öllum, þar sem langt komnir nemendur og kennarar annarra skóla taka þátt. Stefna deildarinnar er að reyna að auka aðgengi nemenda annarra skóla, því það er mikilvæg leið til að kynna deildina fyrir væntanlegum umsækjendum í hljóðfæraleik og söng. Masterklassar urðu samtals 74; 34 á haustönn og 40 á vorönn.

### Opnir fyrirlestrar

Opnir fyrirlestrar deildarinnar voru 10 og masterklassar tónsmíða, sem einnig eru opnir fyrirlestrar, voru 12.

### Styrktarsjóður Halldórs Hansen

Styrktarsjóður Halldórs Hansen, sem hefur það meginhlutverk að styðja við og efla tónlistarbókasafn Listaháskólans, stóð að venju fyrir verðlaunaafhendingu til útskrifaðra nemenda. Að þessu sinni hlutu tveir nemendur tónlistardeildar styrk að upphæð 600.000 kr. Það voru þau Baldvin Ingvar Tryggvason, klarínettuleikari og Jónína Björt Gunnarsdóttir, söngkona.

### Rannsókn á íslenskri tónlist 20. og 21. aldar: Þorkell Sigurbjörnsson

Rannsókn á tónlist Þorkels Sigurbjörnssonar hefur staðið yfir í tónlistardeild frá því á vordögum 2013. Þrír nemendur fengu þriggja mánaða styrk, samtals frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til verkefnisins. Að þessu sinni var sjónum beint að kammeróperum, kór- og hljómsveitarverkum Þorkels. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Íslensk tónverkamiðstöð, safna- og tónlistardeild RÚV, Sumartónleikar í Skálholti og fjölskylda Þorkels. Kynning á nokkrum af niðurstöðum verkefnisins voru kynnt á dagskrá í umsjá tónlistardeildar á Sumartónleikum í Skálholti 6. júlí 2014. Námskeið byggð á afrakstri fyrra verkefnisins voru haldin í tónlistardeild á skólaárinu. Leiðbeinendur eru Hróðmar I. Sigurbjörnsson, sem jafnframt er verkefnisstjóri, og Þorbjörg Daphne Hall.

### Calmus automata

Í janúar 2014 fór fram sameiginlegt námskeið tónlistardeildar og listdansbrautar sem tengdist rannsókn og þróun á CALMUS AUTOMATA og Norræna dansverkefninu CALMUS WAVES.

Þetta var eini hluti CALMUS AUTOMA rannsóknar og þróunarverkefnisins sem fór fram innan LHÍ. aðrir hlutar fóru fram í öðrum háskólum og fyrirtæknum.

## SAMSTARF MILLI DEILDA

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum nótum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali.

Fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni eru í boði fyrir nemendur allra deilda. Samtal mæltist vel fyrir í tónlistardeild, en annars árs nemendur allra deilda tóku þátt í því. Samstarfið var hvað mest við sviðslistadeild, en návígi þessara deilda skapar tækifæri til náins samstarfs og verkefnin verða til bæði inni á kennarastofu og meðal nemendanna sjálfra. Það heyrir nánast til undantekninga ef verkefni eru sett upp af sviðslistadeild án þátttöku nemenda í tónsmíðum og/eða í hljóðfæraleik. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir alla nemendur og af þessu hlýst ómetanleg reynsla sem nemendur búa að og opnar þeim margar nýjar leiðir þegar vel tekst til.

Samstarf við myndlistardeild er einnig þó nokkuð, sérstaklega hjá tónsmíðanemendum. Stefnt er að því að auka formlegt samstarf deildanna en fjölmargir snertifletir fyrirfinnast, sérstaklega á sviði nýrra listmiðla, raf- og tölvutónlistar.

Þá var boðið upp á námskeiðið Hljóðfræði IB; Akústísk hönnun: samtal tónlistar og verkfræði, en það var samstarf verkfræðideildar Háskóla Íslands og tónlistardeildar Listaháskóla Íslands í umsjón Halldórs Úlfarssonar, hljóðfærahönnuðar og Þráins Hjálmarsson, tónskálds og hljóðfærahönnuðar. Námskeiðið tókst afar vel og vakti m.a. athygli útfyrir landsteinanna, en í október lék BBC Scottish Symphony Orchestra tónverk eftir fyrrum nemanda deildarinnar, Guðmund Stein Gunnarsson, þar sem notast var m.a. við klarínettubaulur sem nemendur namskeiðsins höfðu hannað.

## INNLENT SAMSTARF

### Samningur við Salinn í Kópavogi

Þann 19. desember 2013 var undirritaður samningur við Salinn í Kópavogi þess efnis að útskriftartónleikar deildarinnar fari þar fram næstu þrjú árin. Samningurinn





er mikil lyftistöng fyrir starf deildarinnar og gerir útskriftarnemendum nú mögulegt að undirbúa tónleika sína í afar faglegu umhverfi.

### Samstarf við Þjóðmenningarhús og Hörpu

Á starfsárinu fóru tónleikar nemenda að mestu fram í Þjóðmenningarhúsinu auk þess sem tónsmíðanemar héldu sína tónleika í Kaldalóni Hörpu. Samningurinn við Hörpu var gerður að frumkvæði nemenda og með samstarfi við styrktaraðila, sem greiddu leigukostnaðinn að öllu leiti.

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

Frá upphafi hefur deildin verið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands um einleikarakeppni. Rektor skólans skipar dómnefnd, en SÍ tilnefnir hljómsveitarstjóra í nefndina. Skólastjórum annarra tónlistarskóla er boðið að skrá nemendur í keppnina, ef þeir eru sannarlega á bakkalárstigi. Keppnin fór fram í lok október í Sölvhóli, og komst einn nemandi frá Listaháskólanum í verðlaunasæti.

### Ísafjörður

Frá upphafi hefur tónlistardeildin átt mjög gott samstarf við Ísafjörð, en það samstarf var formgert þegar deildin varð aðili að samevrópska meistaranáminu, Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf, NAIP. Að venju fóru fyrsta árs nemendur í vikulanga ferð til Ísafjarðar, þar sem unnið var að tónlistarverkefnum með nemendum Tónlistarskóla Ísafjarðar. Skólinn tekur virkan þátt í verkefninu og opnar húsnæði sitt og alla aðstöðu fyrir nemendum og kennurum Listaháskólans.

### Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Samstarf milli tónlistardeildar og Sumartónleika í Skálholtskirkju hefur verið starfrækt undanfarin ár og situr Þorbjörg Daphne Hall í stjórn Skálholtshátíðar fyrir hönd tónlistardeildar. Þá eru Sumartónleikar samstarfsaðili í rannsóknarverkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna um skrásetningu og greiningu á tónlist Þorkels Sigurbjörnssonar. Á tónleikum hátíðarinnar sumarið 2014 flutti sinfóníetta og kór tónlistardeildar dagskrá helgaða verkum Þorkels.

### Samstarf við skóla Ísaks Jónssonar

Tónlistardeildin hefur um árabil verið í samstarfi við Skóla Ísaks Jónssonar með miðlunarnámskeið í desember. Það er einstakt hversu vel hefur tekist til. Ísaksskóli leggur metnað sinn í að undirbúa nemendur sína undir heimsókn nemenda Listaháskólans, og síðan er unnið saman að því að skapa tónlist sem er flutt fyrir fullu húsi í lok tímabilsins.

### Myrkir Músíkdagar

Tónlistardeildin hefur frá upphafi verið í samstarfi við Myrka músíkdaga. Nemendur hafa fengið tækifæri til að koma fram, bæði sem hljóðfæraleikarar og tónskáld, og gestir hátíðarinnar. Mikilsmetnir listamenn, innlendir sem erlendir hafa haldið fyrirlestra og masterklassa fyrir nemendur Listaháskólans.

### Voces Thules

Á hverju vori er unnið samstarfsverkefni með tónlistar-hópnum Voces Thules. Þar fá nemendur að kynnast miðaldatónlist, ýmist íslenskri eða erlendri, og þeirri rannsóknarvinnu sem tengist flutningi á þessari tónlist.

### Raflosti

Tónlistardeild er í samstarfi við tónlistarhátíðina Raflosti en nemendur tóku þar bæði þátt í vinnustofum og tónleikum.

### Stúdíó Sýrland

Tónlistardeildin hefur á undaförnum árum verið í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Starfsmenn Sýrlands og nemendur hafa unnið að sameiginlegum verkefnum á sviði hljóðupptöku á fjölbreyttum tónleikum deildarinnar.

### Midnight Sun Guitar Festival

Tónlistardeild var í samstarfi við gítarhátíðina Midnight Sun Guitar Festival sem skipulögð var af þeim Svani Vilbergssyni og Ögmundi Þór Jóhannessyni, en listrænn ráðgjafi hátíðarinnar var Pétur Jónasson aðjúnkt. Á hátíðinni var boðið upp á tónleika og masterklassa sem voru vel sóttir af gítarnemendum

### Sinfóníuhljómsveit unga fólksins (Ungfónía)

Tónlistardeild og sinfóníuhljómsveit unga fólksins með Gunnstein Ólafsson stjórnanda hennar í fararbroddi hafa gert með sér samkomulag um að hljómsveitn leiki lokaverkefni nemenda í hljóðfærafræði IV - hljómsveitarútsetningum. Þetta samstarf býður upp á mikla möguleika og er vel þegið af nemendum námskeiðsins sem læra ótrúlega mikið af þeirri reynslu að heyra útsetningarverkefni sín leikin af alvöru hljómsveit.

### Kvikmyndaskóli Íslands

Nemendur tónsmíðabrautar njóta nú samstarfs við ungt kvikmyndagerðarfólk úr Kvikmyndaskóla Íslands og semja tónlist við stuttmyndir og önnur verkefni nemenda skólans.

### Harpa International Music Academy

Tónlistardeild var í nánu samstarfi við alþjóðlegu tónlistarakademíuna í Hörpu á vordögum 2014 og sendi nemendur á námskeiðið, en tveir kennarar deildarinnar voru meðal leiðbeinenda á námskeiðinu. Akademían fékk einnig að nýta húsnæði tónlistardeildar á Sölvhólsgötu 13 til kennslu og æfinga.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Tónlistardeildin er aðili að Evrópska tónlistarháskóla-ráðinu, AEC, og Norræna tónlistarháskólaráðinu ANMA. Deildarforseti á sæti í stjórnum beggja samtaka.

Þá er deildin aðili að ELIA – Samtökum listaháskóla í Evrópu og Sibelius Nordplus Music – Samstarfsneti tónlistarháskóla.

Fjölmargir skiptisamningar hafa verið gerðir við marga af bestu tónlistarháskólum álfunnar. Nýtur deildin góðs af heimsóknum þaðan sem og að kennarar deildarinnar eru eftirsóttir til kennslu hjá þeim. Mist Þorkelsdóttir starfaði í hópi sérfræðinga í gæðaúttektum eða „institutional and program review“ fyrir hönd AEC-samtakanna, og stýrir gæðaráði þeirra.

### NAIP sumarskóli

Nýnemar NAIP sóttu hið venjubundna IP-kynningarnámskeið sem var að þessu sinni haldið á Suðureyri við Súgandafjörð. Átta samstarfsskólar úr Evrópu og Bandaríkjunum, 15 gestakennarar og um 30 nemendur úr öllum skólunum sóttu námskeiðið. Samstarf var við samfélagið á Suðureyri í gegnum grunnskólann, kirkjukórinn á Flateyri og Suðureyri, Tónlistarskóla Ísafjarðar o.fl.

# TÓNLISTARDEILD

### Aðalfundir AEC og ANMA

Staðgengill deildarforseta fór á aðalfund AEC í Palermo á Ítaliu og deildarforseti sótti aðalfund ANMA í Vilnius í Litháen.

### SKIPTINÁM

Það er litið á skiptinám sem mikilvægan lið í námsferli nemenda tónlistardeildar. Nemendur eru hvattir til þess að íhuga skiptinám, og þrátt fyrir mikla tímasókn og þéttskipað flæðirit, eru alltaf fundnar leiðir til að nemendur geti farið og fengið reynslu af því að kynnast öðrum löndum og annarri menningu.

Deildin hvetur til skiptináms og taka flæðirit mið af því. Stefnt er að því að halda öfluga kynningarfundi einu sinni á ári, helst seint á haustönn, þar sem nemendur sem hafa verið í skiptinámi segja frá, og þeir sem hafa áhuga geta fengið upplýsingar frá alþjóðafulltrúa.

Vegna kennslutungumálsins getur tónlistardeildin ekki tekið við skiptinemum sem verða skv. áætlun frá heimaskóla að uppfylla skyldu í hefðbundnum tónfræðagreinum. Það eru því yfirleitt skiptinemar á lokaári bakkalárnáms, eða jafnvel í meistaranámi, sem sækja til tónlistardeildarinnar.

### Nemendur frá tónlistardeild

Fjórir nemendur fóru utan í skiptinám á skólaárinu, þrír á haustönn og einn á vorönn.  Þrír nemendur fóru í skemmri nemendaskipti. Þáttaka Listaháskólans í ERASMUS+ Menntaáætlun Evrópusambandsins og Nordplus Menntaáætluninni veitir nemendum skólans tækifæri til að sækja um styrki til starfsnáms í öðru Evrópulandi. Fjórir nemendur nýttu sér möguleikann á starfsnámi erlendis þar af voru þrír útskrifaðir.

### Nemendur til tónlistardeildar

Sex nemendur komu sem skiptinemendur á skólaárinu og 29 í styttri heimsóknir og munar þar mestu um fjölmarga erlenda nemendur NAIP sumarnámskeiðið á Suðureyri.

### Kennaraskipti

Það er stefna tónlistardeildar að efla kennara- og starfsmannaskipti. Margir kennarar deildarinnar hafa efnt til mjög mikilla og gjöfulla samskipta, sérstaklega á hljóðfæra- og söngsviðinu, en einnig í tónsmíðum. Deildin er í formlegu sambandi við nokkra skóla vegna sameiginlega meistaranámsins NAIP, og á þeim vettvangi er að sjálfsögðu töluvert um skipti og samstarf.

### Haustönn 2014

Breytingar urðu á starfsmannahaldi tónlistardeildar í upphafi haustannar, en þá tók Tryggvi M. Baldvinsson við starfi deildarforseta af Misti Þorkelsdóttur.  Jafnframt tók Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson við fagstjórn í tónsmíðum af Kjartani Ólafssyni.  Að öðru leiti var starf deildarinnar samkvæmt venju.

## SAMSTARF

Stærsta verkefni tónlistardeildar var að leiða alþjóðlegt samstarfsverkefni; „NAIP: Innovation in Higher Music Education“.   Um er að ræða tveggja ára samstarfsverkefni milli átta tónlistarháskóla um að þróa námsefni í tónlistarkennslu á háskólastigi og aðlaga það að hlutverki tónlistarmanna nútímans. Þróunin verður byggð á námsefni meistaranámsins Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP), sem er samstarf fjögurra tónlistarháskóla í Evrópu: Listaháskóla Íslands, Kungliga Musikhögskolan í Stokkhólmi, Koninklijk Conservatoire í Haag og Prince Claus Conservatoire í Groningen. Auk fyrrnefndra skóla taka eftirfarandi skólar þátt í verkefninu; Guildhall School of Music and Drama í London, Musikkhøgskolen í Osló, Metropolia í Helsinki, Universität für Musik und darstellende Kunst í Vín ásamt háskólanum í Singapore. Association Européenne des Conservatoires, Académies de Musique et Musikhochschulen er einnig samstarfsaðili og gegnir kynningar- og matshlutverki í verkefninu. Verkefnastjóri var ráðin Þorgerður Edda Hall.

### HELSTU VIÐBURÐIR

### Sumarskóli NAIP

Sumarskóli NAIP var haldinn í í Stykkishólmi

Hann sóttu um 30 nemendur víða að frá Evrópu og Bandaríkjunum.  Þrír nýnemar tónlistardeildarinnar tóku þátt í námskeiðinu.  Á sama tíma fór fram fundur stýrihópsins um NAIP verkefnið.

### Ungir einleikarar

Samkeppnin Ungir einleikarar var haldin í byrjun nóvember og voru þátttakendur sjö talsins.  Fjórir nemendur báru sigur úr býtum.  Tveir píanónemendur úr tónlistardeild voru þar á meðal, það voru þær Erna Vala Arnardóttir og Lilja Ásmundsdóttir.  Þær stigu svo á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í janúar 2015.

### Masterklassar og opnir fyrirlestrar

Masterklassar fyrir söngvara og hljóðfæraleikara voru haldnir reglulega og urðu alls 40 á haustönn 2014. Hádegisfyrirlestrar urðu 5 talsins, sem og masterklassar tónsmíðadeildar.

### Málþing í samstarfi við tónlistarhópinn Jaðarber

Tónlistardeild boðaði til málþings um höfundarrétt og eignarhald á tónlist með vísan til verka Johannesar Kreidler, sem varpa fram spurningum um eignarhald á tónlist og sanngjarna notkun eða „fair use“, m.a. verkið "Product Placement". Í pallborði sátu, auk Kreidlers, þau Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður Pírata, Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs, Óttarr Proppé tónlistarmaður og þingmaður Bjartrar framtíðar og Atli Ingólfsson tónskáld og aðjúnkt við tónlistardeild.

### Málþing í samstarfi við KÍTÓN, félag kvenna í tónlist

Tónlistareild bauð til málþings undir yfirskriftinni *„Hverjir, hversvegna, hvar og hvernig?“*

Fjallað var um kyngervi, feminisma, tónlist og rými. Henrik Marstal tónlistarmaður, Ásta Jóhannsdóttir kynjafræðingur og Hildigunnur Sverrisdóttir arkitekt fluttu stuttar framsögur og tóku þátt í pallborði.